



Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG
Hafnarstræti 7 · 436 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Nýtt símanúmer Landsbankans á Ísafirði er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 30. nóvember 2005 · 48. tbl. · 22. árg.



Norðurljósín voru stórfengleg fyrir ofan Bolungarvík á fimmtudag. Mynd: Reynir Skarsgård.

Stórfengleg norðurljós yfir Bolungarvík

Margir Bolvíkingar tóku eflaust eftir mikilfenglegum norðurljósum sem dönsuðu á himninum yfir bænum á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Sú sýn var svo sannarlega stór-

kostleg eins og sjá má á meðfylgjandi mynd sem Reynir Skarsgård frá Bolungarvík tók frá Óshólavita.

Fram kemur á vísindavef Háskóla Ísland að norðurljós

komi fram vegna þess að þegar svokallaður sólvindur, sem er straumur rafhlaðinna agna og berst frá sólinni í sífellu, nálgast jörðina hrindir segulsvið jarðarinnar honum frá sér

nema í kringum segulpólana. Þar sleppur eitthvað af ögnunum inn í segulsviðið. Þegar eindimar rekast á lofthjúp jarðar, í um 100-250 km hæð, örvast sameindir og frumeindir í

hjúpnun og þær senda frá sér sýnilegt ljós sem kölluð eru norður- eða suðurljós eftir því hvorum pólnum þau eru nær hverju sinni.

– *thelma@bb.is*

Nýtt íþróttahús vígt á Suðureyri

Nýtt og glæsilegt íþróttahús var vígt við hátíðlega athöfn á Suðureyri við Súgandafjörð á laugardag. Meðal þeirra sem héldu erindi voru formaður nefndar um byggingu hússins, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður íþróttafélagsins Stefnis á Suðureyri, en sá síðastnefndi flutti ræðu sína í bundnu máli. Því næst var haldin íþróttasýning og karla-

kórinn Ernir söng þrjú lög. Kom þá í ljós að góður hljómburður er í húsinu og þykir salurinn henta vel fyrir tónleikahald.

Þó að formleg afhending hafi farið fram á laugardag hafa súgfirsk börn getað notað húsið í nokkrar vikur. Nánari umfjöllun og myndir frá vísulshússins má finna á bls. 4.

– *halfdan@bb.is*



Nýtt og glæsilegt íþróttahús var tekið í notkun á Suðureyri á laugardag.

Samkaup úrval

OPIÐ:

virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21

Verið velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

Íslenskt þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubreiðslu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er samráðslegur matnaður bæði starfsmanna og hlífðara að gegna forystuhlutverki sí framfarir.



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Var ekki kunnugt um reglugerðarbreytingu

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir ástæðu þess að skýringar voru ekki sendar til félagsmálaráðuneytisins með ársreikningi sveitarfélagsins vera þá að

honum hafi einfaldlega ekki verið kunnugt um reglugerðarbreytingu þess efnis, en félagsmálaráðuneytið hefur krafist Ísafjarðarbæ og Hólmavíkurhrepp um skýringar á því hvernig standi á hallarekstri bæjarfélaga á síðasta ári. Ber sveitarfélögunum að gera grein fyrir taprekstrinum og þeim aðgerðum sem ráðist verður í til þess að lagfæra stöðuna. Í bréfi félagsmálaráðuneytisins til Ísafjarðarbæjar er vitnað í reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem kveðið

er á um skyldu sveitarfélags til að senda greinargerð með ársreikningi, fjárhagsáætlun eða þriggja ára áætlun, til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

„Við erum eitt þrjátíu sveitarfélög á síðasta ári, en um níutíu sveitarfélög eru á landinu“, segir Halldór. „Ellefu þeirra sem voru með hallarekstur voru svo krafín skýringa. Málið er einfaldlega að það var gerð reglugerðarbreyting þess efnis að sveitarfélög sem eru með hallarekstur áttu

að skila inn skýringum með ársreikningum, en við vissum einfaldlega ekki af þessari reglugerðarbreytingu, og væntanlega gerðu hin ellefu sveitarfélögin það ekki heldur.“

„Á árunum 1999-2001 var rekstrarstaða Ísafjarðarbæjar til umfjöllunar vegna sameiningar sveitarfélaganna sem þyngdi reksturinn verulega án þess að nokkuð kæmi þar á móti. Við sölu á eignarhlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða losnaði um fjármuni sem nýttir voru til niðurgreiðslu skulda og til fjárfest-



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

inga sem beðið hafði verið með vegna erfiðrar rekstrarstöðu. Þá voru gerðar breytingar á varasjóði húsnæðismála og inn komu rekstarstyrkir sem hafa náð að lækka meðgjöf Ísafjarðarbæjar með rekstri innleysta íbúða um 1/4 til 1/5 á ári hverju. Fjármagn til sölu á húsnæði út á almennan markað nýttist einnig en því fylgir kostnaður sem sveitarfélagið nær ekki til baka fyrstu 3-4 árin. Rekstur þessa húsnæðiskerfis er mjög íþyngjandi fyrir Ísafjarðarbæ, skuldir húsnæðiskerfisins við bæjar-sjóð hafa hlaðist upp síðan árið 1992, eru núna 1,5 milljarðar króna, og á þeim málum verður að taka því það stefnir í ófni vegna málaflokksins hjá nokkrum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Ísafjarðarbær er eitt þeirra“, segir Halldór.

„Þrátt fyrir aðhald við rekstur Ísafjarðarbæjar og gott eftirlit hefur þróunin orðið sú frá yfirtöku grunnskólans árið 1996 að starfsfólki grunnskólans og í þjónustu skólaskrifstofu hefur fjölgað umfram það sem reiknað var með. Sveitarfélagið rekur sex leik-

skóla, fimm íþróttahús, fjórar sundlaugar, fjórar hafnir, fjögur áhaldahús og svona má telja áfram. Allra leiða er leitað til hagræðingar í rekstri þessara eininga, en sveitarfélagið er sameinað úr það mörgum byggðakjörnum að ekki er mögulegt að hagræða frekar, næsta skref er lokun rekstrar-eininga þar sem reksturinn er hlutfallslega þyngstur. Slík aðgerð mælir ekki með sameiningu sveitarfélaga og hafa núverandi stjórnendur bæjarfélagsins ekki viljað fara þessa leið.“

„Að óbreyttu mun rekstur Ísafjarðarbæjar áfram verða þungur. Tekjuþróunin hefur verið okkur í óhag, leitast er við að halda uppi góðri þjónustu í sveitarfélaginu og standa við þau fyrirheit sem gefin voru varðandi sameiningu sveitarfélagsins árið 1996. Til að ná því markmiði og að afgangur verði af rekstri sveitarfélagsins þarf að lækka skuldir og rekstrarkostnað og auka tekjur“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

– eirikur@bb.is

Óshlíðarvegur

Jarðvegsrannsóknir hafnar

Undirbúningur vegna fyrirhugaðrar jarðgangnagerðar á Óshlíð er hafinn. Hafist hefur verið handa við jarðvegsrannsóknir og á næstu dögum verður boðin út vinna við borun könnunarhola í hlíðinni auk þess sem byrjað verður að hanna göngin.

Þessum hluta rannsóknarvinnunnar á að vera lokið í mars, enda eiga framkvæmdir við sjálf jarðgöngin að hefjast næsta haust. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í haust tillögu samgönguráðherra um aðgerðir á Óshlíðarvegi. Gert er ráð fyrir að jarðgöngin verði um 1.220 metrar að lengd og kosti um einn milljarð króna. Skiptar skoðanir hafa verið meðal fólks á svæðinu um þessar framkvæmdir og hafa sumir sagt brýna þörf á nokkuð lengri göngum.

– eirikur@bb.is

Póls sameinað Marel

Póls hf. á Ísafirði var fyrir nokkrum dögum sameinað Marel og eru fyrirverandi starfsmenn Póls allir orðnir starfsmenn Marel. Þrátt fyrir það verða Póls vörur áfram framleiddar og heimasíðu fyrirtækisins, á www.pols.is, verður áfram haldið úti.

„Áður höfðu markaðs- og sölusvið Póls verið sameinuð Marel, en nú er skrefið stigið til fulls og framleiðslu- og þróunarsvið sameinuð. Við verðum bara beittari og skilvirkari fyrir vikið. Með gengi krónunnar eins og það er, þá



veitir ekki af“, segir Hörður Ingólfsson, ráðgjafi hjá Marel og fyrirverandi stjórnarformaður Póls hf. Hann segir sameininguna litlu breyta fyrir starfsmenn á Ísafirði og engin teikn séu á lofti um að draga þurfi saman seglin í rekstri fyrir-

tækisins vestra.

„Verkefnastaðan er mjög góð og hefur sjaldan verið betri á þessum árstíma. Það vantar mannskap í framleiðsluna á Ísafirði, stálsmiði aðallega“, segir Hörður.

– halfdan@bb.is

Þingeyrarflugvöllur lokaður í vetur

Þingeyrarflugvöllur verður lokaður í vetur. Framkvæmdum við flugvöllinn átti að ljúka 1. nóvember, en tafist hefur að leggja slitlag á völlinn þar sem slíka vinnu er ekki hægt að vinna nema 5 gráðu hiti eða meiri gefist nokkra daga í röð. Nokkuð er síðan slíkt hefur gerst. Eins og sagt var frá á bb.is fyrir nokkru var ákveðið að framlangja lokun vallarins, en nú hefur endanlega verið ákveðið að fresta lagningu slitlags fram á vor.


Að loknum endurbótum á flugbrautinni á Þingeyri verður hún 1.084 metrar að lengd og 30 metrar að breidd, en hún

var áður 950 metra löng. Hliðaröruggissvæði ná 40 metra út frá miðju flugbrautar til hvorrar hliðar. Flugbrautin og endaröruggissvæðin verða með bundnu slitlagi. Þá verður þjóðvegurinn við flugvöllinn færður suður fyrir flugbrautina.

Ljósbrúnaður verður á flugbrautinni; brautarljós, akbrautarljós, aðflugshallaljós og þröskuldsauðkennaljós, sem eru sterk blikkljós við lendningarþröskuld. Veðurathugunarkerfi verður í tveim mörstrum við hvorn brautarenda auk veðurathugunarstöðvar uppi á Sandafelli. Að auki verða

brautarhitamælur sem mæla hita í yfirborði flugbrautarinnar.

KNH verktakar ehf. áttu lægsta tilboðið í verkið. Heildarkostnaður við framkvæmdina er 182 milljónir króna en Vegagerðin greiðir 12 milljóna króna kostnað við flutning þjóðvegarins, þannig að kostnaður Flugmálastjórnar er áætlaður 170 milljónir króna. Þar af fara 105 milljónir króna til verktakans, en annar kostnaður eins og ljósa- og veðurathugunarbrúnaður er áætlaður 35 milljónir króna. Hönnun, eftirlit og námur munu kosta 42 milljónir. – eirikur@bb.is



Þingeyrarflugvöllur.



Einar Kristinn 50 ára

Föstudaginn 2. desember nk. verð ég fimmtugur. Af því tilefni verður við Sigrún J. Þórisdóttir kona mín og börn, með opið hús í Félagsheimilinu í Bolungarvík, þann dag og er húsið opnar kl. 20:00.

Okkur þætti vænt um að hitta þar sem flesta; frændfólk, vini og félagi og samstarfsfólk fyrr og síðar. Að lokinni afmælisdagskrá verður slegið upp balli í Félagsheimilinu.

Vegagerðin kærði úrskurð Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur kært úrskurð Skipulagsstofnunar um umhverfismat Arnkötuldalsvegar, og fer fram á að ákveðnum framkvæmdaskilyrðum verði aflétt, að því er kemur fram á heimasíðu Leiðar ehf. Meðal þeirra skilyrða sem sett voru fram var að framkvæmdaðaðili þurfi að tryggja að á

varptíma, það er frá maílokum og fram undir ágústlok, standi ekki yfir framkvæmdir á svæðinu á Hrófá í Vonarholti í Arnkötuldal og við Foss í Gautsdal. Einnig var sett skilyrði um að ekki megi berast grugg í fiskgenga læki og ár á tímabilinu 15. júní til 30. september.

Úrskurðinn mátti kæra til umhverfisráðherra til 14. október, en ekki bárust kærur frá fleirum en Vegagerðinni, sem bendir á í kærnu sinni að skilyrði sem þessi séu mjög íþyngjandi fyrir framkvæmdaðila, ekki síst í ljósi þess að aðalframkvæmdatíminn er á sumrin. Þá segir á heimasíðu

Leiðar að félagið hafi fengið upplýsingar hjá Vegagerðinni um að frumdrög vegarins væru nú til skoðunar. Að mati sérfræðinga Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri er arðsemi fyrirhugaðs vegar um Arnkötuldal 14,5% en algeng ávöxtunarkrafa við vegaframkvæmdir á Íslandi er um 5-

6%. Þetta kemur fram í skýrslunni Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum sem stofnunin vann fyrir sveitarfélögin í Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum hefur umhverfisráðherra tvo mánuði til að úrskurða í kærulínu.

Vill byggja sund- og íþróttamiðstöð á Torfnesi á Ísafirði

Hugmyndir eru uppi um byggingu mikillar sund- og líkamsræktarmiðstöðvar á Torfnesi á Ísafirði, milli

íþróttahúss og knattspyrnuvallar. Sævar Óli Hjörvarsson hefur látið hana og teikna húsíð, en hann segist vera

orðinn langþreyttur á aðstöðuleysi í bænum. „Ég á heima nokkra metra frá sundlauginni, en fer samt sem áður til Suð-

ureyrar til að fara í sund. Það vantar góða sund- og líkamsræktaraðstöðu á Ísafirði. Stebbi Dan (Stefán Dan Ósk-


arsson) hefur gert kraftaverk, en það er hægt að gera miklu meira“, segir Sævar. Hugmyndir hans ganga út á að miðstöðin verði byggð í einkafrankvæmd, en fyrirfram verði gerður leigusamningur við aðila sem hefðu hug á að nýta sér aðstöðuna og þannig tryggður hluti þeirra tekna sem miðstöðin þarf að hafa. Nefnir Sævar sjúkrahjálfa. Ísafjarðarbæ og Menntaskólinn á Ísafirði þar sem dæmi.

„Það vantar bara að menn taki sig saman og geri þetta. Það er búið að vanta eitthvað þessu líkt í 20 ár“, segir Sævar og hvetur þá sem áhuga hafa á að vinna að verkefninu með sér til að hafa samband. Í miðstöðinni verður meðal annars

25 metra löng innisundlaug, minni vaðpollur, heitir pottar og lítil útisundlaug. Á efri hæð er gert ráð fyrir líkamsræktaraðstöðu og veitingastað í austurenda jarðhæðar.

Sævar hefur rætt við bæjarstjóra og fleiri áhrifamenn og segir að almennt séu menn mjög jákvæðir. „Þetta skiptir miklu fyrir fólk og yrði lyftistöng fyrir samfélagið. Það eina leiðinlega er að þetta kostar, en ef það er á annað borð grundvöllur fyrir rekstrinum þá er ekkert mál að fjármagna þetta“, segir Sævar Hjörvarsson. Hann segist gera ráð fyrir því að það kosti á bilinu 400-450 milljónir að koma miðstöðinni upp.

– halfdan@bb.is



Afstöðumynd af svæðinu. Hin nýja sund- og íþróttamiðstöð er við hliðina á íþróttahúsinu á Torfnesi.

Fjölmennasta Fanta-mótið til þessa

Hundrað og tuttugu börn tóku þátt í Fanta-deildarmótinu sem haldið var í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði á sunnudag og er það mesti fjöldi sem tekið hefur þátt hingað til. Keppendur komu

frá Ísafirði, Bolungarvík, Súgandafirði og Patreksfirði og voru á aldrinum 7-13 ára.

Stig eru ekki talin á Fantamótunum og því eru engir sigurvegarar krýndir.

– thelma@bb.is



Aðventukvöld í Súðavíkirkirkju

Aðventukvöld verður í Súðavíkirkirkju kl. 20 á sunnudagskvöld. Flutt verður fjölbreytt og vönduð dagskrá. Kveikt verður á aðventukransinum og grunnskólabörn í Súðavík syngja. Sóknarpresturinn sr. Valdimar Hreiðarsson flytur hugvekju. Söngkór Súðavíkur sem Sigríður Ragn-

arsdóttir, organisti Súðavíkirkirkju, hefur leitt og kvennakór Hnífsdalskapellu sem hefur æft undir stjórn Huldu Bragadóttur munu syngja saman.

Kórarnir flytja nokkur jóla-lög en í lok aðventukvöldsins syngja kórar og söfnuður saman og tendruð verða kertaljós

um alla kirkjuna sem lýsa munu kirkjugestum inn í aðventuna. „Súðvíkingar, bæði heimamenn og brottfluttir, fjölmenna ávallt á aðventukvöldin í Súðavíkirkirkju, en einnig vilja margir nágrannar þeirra upplifa hina einstöku jólastemningu í litlu og vinalegu kirkjunni við sjóinn“,

segir í tilkynningu.

Nemendur við útibú Tónlistarskólans koma fram. Þá leikur Andri Pétur Þrastarson á fiðlu og söngnemarnir Dagný Hermannsdóttir, Helga Margrét Marzellusardóttir og Svanhildur Garðarsdóttir syngja jóla-lög.

– thelma@bb.is

Hyllir undir niðurstöðu í viðræðum um sameiginlegt framboð

Von er á niðurstöðu um mögulegt sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs og Frjálslyndra og óháða til bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ fyrir lok þessarar viku. Þetta segir Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarð-

arbæ.

Á fundi um sameiginlegt framboð flokkanna sem haldinn var í fyrir helgina var lagður fram ákveðinn rammi sem menn vilja nú skoða hvort vilji sé til þess að vinna út frá. „Við í nefndinni ákveðum þetta auðvitað ekki. Það á eftir að bera endanlegan ramma

undir bæði stjórn og félagsfund. En það eru komnar fram ákveðnar hugmyndir að ramma, sem á svo eftir að ræða áður en farið verður út í nánari útfærslur á hugmyndunum. Þetta verður borið undir stjórn og félagsfund, og niðurstaðan ætti að liggja fyrir í lok næstu viku“, segir Lárus.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum fékk Vinstrihreyfingin grænt framboð 6,7% af gildum atkvæðum, og náði ekki inn manni í bæjarstjórn. Samfylkingin fékk 22,7% og náði inn tveimur mönnum á meðan Frjálslyndir fengu 13,4% og einn mann. – eirikur@bb.is

Jólatorgsala styrktarsjóðs TÍ á laugardag

Árleg jólatorgsala Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar verður haldin á Silfurtorgi kl. 15 á laugardag og verður hún með hefðbundnu sniði. Selt verður rjúkandi heitt kakó, lummur, síld, laufbrauð, jólakort, greni og ýmis konar jólavarnir.

Ágóðinn af söluinni rennur að þessu sinni óskiptur í flyg-

ilsjóð Tónlistarskólans. Torgsalan hefur jafnan verið sjóðnum drjúg tekjulind enda hafa þeir fjármunir sem safnast hafa í sjóðinn skipt sköpum í uppbyggingu og velferð Tónlistarskóla Ísafjarðar. Auk þess hefur hún verið fastur liður á adventunni í ísfirsku bæjarlífi um árabíl. – thelma@bb.is



ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar hér með eftir tilboðum í akstur almenningsvagna í Ísafjarðarbæ ásamt skólaakstri í Skutulsfirði. Um er að ræða akstur á eftirtöldum akstursleiðum:

1. Skutulsfjörður

Holtahverfi - miðbær/Hnífsdalur - miðbær (sumar- og vetraráætlun).

2. Suðureyri – Ísafjörður.

3. Flateyri – Ísafjörður.

4. Þingeyri – Ísafjörður.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, frá og með föstudeginum 2. desember 2005. Útboðsgögn verða seld fyrir kr. 5.000.-

Tilboðum skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, eigi síðar en föstudaginn 30. desember 2005, kl. 14:00 þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra sem þess óska.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ.



Unga kynslóðin á Suðureyri kunnir vel að meta nýja íþróttahúsið.



Karlakórinn Ernir tók lagið.

Nýtt íþróttahús vígt á Suðureyri

Nýtt og glæsilegt íþróttahús var vígt við hátíðlega athöfn á Suðureyri á laugardag. Bryndís Birgisdóttir formaður nefndar um byggingu hússins flutti ávarp en að henni lokinni afhenti Björgmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Ágúst og Flosa, Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar lykila að húsinu. Þá hélt Halldór stutt erindi, en því næst flutti Snorri Sturluson, formaður íþróttafélagsins Stefnis, ræðu í bundnu máli. Því næst var haldin íþróttasýning og

karlakórinn Ernir söng þrjú lög. „Það kom í ljós að það er mjög góður hljómburður í húsinu og salurinn hentar vel fyrir tónleikahald“, segir Björgmundur Guðmundsson.

Þrátt fyrir að framkvæmdir hafi tafist þykir byggingin vel heppnuð og húsið hið glæsilegasta. „Húsið kemur milli grunnskólans og búning sklefa sundlaugarinnar og þannig mynda þessi hús eina heild sem er mjög glæsileg. Skólinn var klæddur að utan í sumar og kemur þetta allt saman einstaklega vel út. Verktaki

íþróttahússins er Ágúst og Flosi ehf. sem tóku verkið að sér í alúttboði eftir lokað úttöð meðal verktaka hér heima fyrir. Glæsilegt hús lofar þá sem unnið hafa verkið“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri á heimasíðu sinni.

Þó að formleg afhending hafi farið fram á laugardag hafa súgfirsk börn getað notað húsið í nokkrar vikur. „Það er alltaf ánægjulegt að geta afhent svona glæsilegt hús“, segir Björgmundur framkvæmdastjóri, Ágúst og Flosa. – halfdan@bb.is



Björgmundur afhendir Halldóri lykila að húsinu.




Boðið var upp á glæsilegar veitingar í vígsluhöfnunni.



Fjöldmenn var viðstatt vígslu íþróttahússins.

Sumar þrautir reyndust kónginnum erfiðar

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fékk það hlutverk á íþróttasýningu sem haldin var í nýju íþróttahúsi á Suðureyri á laugardag að fara á undan börnum í nokkurs konar þrautakóngi. „Gekk það vel eða þannig“, segir bæjarstjórinn á heimasíðu sinni, en eins og sjá má af meðfylgjandi myndum reyndust sumar þrautirnar kónginnum erfiðar. Honum varð þó ekki meint af.



80 börn máluðu piparkökur í Sólborg

Leikskólabörn af Sólborg á Ísafirði buðu foreldrum og systkinum að mála piparkökur í leikskólanum á laugardag. Um 80 börn komu og áttu góða stund með fullorðna fólkinu. Bragðgóðar piparkökur í formi engla, stjarna, bjalla og jólatrjáa voru málaðar í allskyns litum. Þá ríkti sannkölluð jóla-stemning hjá börnunum í leikskólanum á laugardag.

– thelma@bb.is



Ritstjórnargrein

Um sitthvað gott og annað miður

Til að gera svartnættið léttbærara á þessum dimmasta tíma ársins höfum við farið þá leið að fjölga sífellt ljósum sem minna okkur á að jólin nálgast. Og við gerum sitthvað fleira til að draga úr áhrifum myrkursins. Þannig eru kirkjulegar samkomur á fyrsta sunnudegi í aðventu orðnar samofnar jólaundirbúningnum, fyrsta skrefið inn í jólahátíðina. Aðventukvöldið í Ísafjarðarkirkju að þessu sinni var sannkölluð tónlistarveisla. Auk Guðrúnar Jónsdóttur, einsöngvara, komu þar fram fjórir kórar og fjöldi tónlistarmanna. Ólafur Skúlason, biskup, flutti hugvekjju. Mikill mannfjöldi átti samleið þetta kvöld.

Vestfirðingar eru ekki eftirbátar annarra í því að lifga upp á skammdegið. Þannig er fjólatorgsala Tónlistarfélagins orðin árviss viðburður; leikskólabörnin láta sitt ekki eftir liggja og hlaðborð veitingahúsa, hvar matgæðingar sporðrenna krásum undir ljúfum söng og tónlist vestfirskra listamanna, sækja stöðugt á. Jólaskreytingum í bænum fjölga frá ári.

Víða liggja vinaböndin. Árum saman hefur jólatré frá Hrúarskeldu, vinabæ Ísafjarðarbæjar, borið birtu og hlýjar jólaóskir hingað norður á hjara veraldar. Að venju verður trénu komið fyrir í hjarta bæjarins, á Silfurtorgi. Hlýhugur hinna dönsku vina er mikils virði. Bragur er á að hver byggðakjarni innan Ísafjarðarbæjar hefur sitt eigið bæjarjólatré.

Um helgina var nýtt íþróttahús á Suðureyri tekið í notkun. Ber að fagna að þar með rætist langþráður draumur æskufólks á staðnum um aðstoðu til íþróttaiðkana. Fátt er betra veganesti verðandi borgurum þessa lands en að þeir hafi notið góðar aðstoðu við nám og leiki í heimabyggð.

Nú er útséð með að Þingeyrarflugvöllur verður ekki tekinn í notkun á þessu ári. Ekki skal ekki dregið í efa að tíðarfar ráði þar nokkru um. Alvara málsins er hins vegar sú, að sjúkraflygvél er ekki lengur staðsett á Vestfjörðum yfir vetrartímann. Rökin fyrir brottför hennar voru ekki síst þau að með tilkomu Þingeyrarflugvallar opnuðust möguleikar til næturflugs til norðanverðra Vestfjarða, nokkuð sem ekki er fyrir hendi á Ísafjarðarflugvelli. Nú er komið í ljós, sem sterklega var varað við, hversu fráleit sú ákvörðun var að staðsetja ekki sjúkraflygvél á Ísafirði þar sem vítað var allan tímann að óvissa ríkti um Þingeyrarflugvöllinn. Helstu rökin fyrir brotthvarfi sjúkraflygvélarinnar héðan eru fokin út í veður og vind.

Þótt mörgum finnst sem dregið hafi úr vægi fullveldisdagsins í þjóðarvitundinni markaði hann slík tímamót í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að hann má aldrei falla í gleymiskunnar dá. Gleymum ekki að fagna 1. desember að morgni.

s.h.

Orðrétt af netinu

Forréttindi til handa herskáum þrýstihópi

Þjóðfélag okkar tekur hröðum breytingum eins og öllum má vera ljóst. Þau gildi sem hafa verið í heiðri höfð um aldir, allt frá því að land okkar byggdist, hafa ekki þann sama sæmdarsess og verið hefur. Grafíð er undan siðferði og góðri allsherjarreglu í landi okkar. Þessi þróun hefur verið hæg og bitandi til margra ára, en nú er eins og steininn taki úr og flóðgáttir siðleysisins opnast til fulls og hin fúli andardráttur drekans blási yfir land okkar.

Það sem vekur undrun í þessu samhengi er hverjir það eru sem ganga á undan til að veikja þann grunn siðferðir sem þó er veikur fyrir, en þar eru stjórnvöld fremst í fylkingu. Félagsmálaráðherra mætti á uppkomu samkynhneigðra og gaf fyrirheiti um „réttarbætur“ sem voru langt umfram það sem eðlilegt getur talist og er í raun ekki annað en forréttindi til handa herskáum þrýstihópi sem haldin er afbrigðilegri kynhneigð.

krossinn.is – Gunnar Þorsteinsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Eiríkur Örn Norðdahl, sími 845 2685, eirikur@bb.is – Thelma Hjaltdóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson • Lausafullverð er kr. 300 eintakið með vsk.

Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Bensínstöð Orkunnar verður prufukeyrð 10. desember ef áætlanir standast.

Bensínstöð Orkunnar rís

Ný bensínstöð Orkunnar rís nú á Skeiði á Ísafirði, en vonir hafa staðið til að hún geti opnað upp úr mánaðamótum. Framkvæmdir hafa tafist nokkuð, en veður hefur verið óhagstætt til framkvæmda. Stöðin verður sjálfafgreiðslustöð. Að sögn Gunnars Skaptonar hjá Bensínorkunni hf., sem rekur bensínstöðvar undir nafninu Orkan, er stefnt að því samkvæmt verkáætlun að framkvæmdum verði lokið

fljótlega og hægt verði að taka stöðina í prufukeysrslu tíunda desember næstkomandi. „Þá reynum við að hafa formlega opnun í framhaldi af því“, segir Gunnar.

„Það er ekki alveg víst hvernær hún verður, við erum að skoða það, en helgin 17.-18. desember kemur sterklega til greina. Við viljum halda til á þetta með einhverju skemmtilegu húllumhæi og ætlum að fá heimamenn í lið með okkur

við það. Við finnum fyrir mjög jákvæðum straumum frá Ísfirðingum, það hafa margir haft samband við okkur til að fylgjast með og spyrja hvenær við opnun. Ég held það sé nokkur eftirvænting eftir stöðinni.“

Sem kunnugt er óskaði fyrirtekkið eftir leyfi til uppsetningar stöðvarinnar á lóð Ljónsins í kjölfar þess að Atlantsolíu og Olís var veitt vilyrði fyrir þeim tveimur lóðum sem bæj-

arfélagið taldi henta undir rekstur bensínstöva. Til þess að koma stöð Orkunnar fyrir á þessum stað þurfti að breyta deiliskipulagi og bar félagið kostnaðinn af þeim breytingum. Nokkuð hefur dregist hjá Atlantsolíu að hefja framkvæmdir, en rúmt ár er síðan fyrirtækið fékk úthlutað lóð sinni. Samkvæmt síðustu fréttum stendur nú til að Atlantsolía hefji framkvæmdir við sína bensínstöð næsta vor.

Ferðabjónar á norðanverðum Vestfjörðum

Beðnir um aðstoð í Evrópuverkefni

Öllum ferðabjónum á norðanverðum Vestfjörðum verður sendur spurningalisti á Internetinu í tengslum við Evrópuverkefnið BIRRA (Broadband in Rural and Remote Areas) sem Ísafjarðarbær er þátttakandi í. Verkefnið snýst um að meta stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatekni þegar horft er til þátta eins og mennt-

unar, heilsugæslu og vinnu- markaðar. Þátttakendur í verkefninu eru frá Finnlandi, Skotlandi, Íslandi og Svíþjóð.

Frá Íslandi er auk Ísafjarðarbæjar Skagafjörður með í verkefninu. „Ákveðið var að taka undir stærra svæði en bara Ísafjarðarbæ í ákveðnum verkþáttum og í þessu tilfelli á að taka fyrir alla ferðabjóna á

norðanverðum Vestfjörðum, því vissulega er svæðið ein heild þegar kemur að ferðabjónustu“, segir í tilkynningu þar sem tekið er fram að einungis taki um fimm mínútur að svara könnuninni.

Evrópuverkefnið BIRRA mun taka tvö ár og er það skipt í fimm verkþætti sem unnir eru í fjórum löndum;

Verkefnisstjórn sem verður í höndum Finna, greiningu á stöðu fjarskipta- og upplýsingatekni í byggðum þessara landa ásamt kostnaði (Finnland), greiningu á þörfum og aðgengi að þjónustu ásamt kostnaði (Svíþjóð), læra af reynslu annarra þjóða (Ísland) og að skilgreina þróunarferli (Skotland). – thelma@bb.is

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 140 á einu ári

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 140 frá 30. júní 2004 til 30. júní 2005, úr 7.813 í 7.673. Þetta er fækkun um 1,8%. Kynjunum fækkaði álika mikið, en karlmönnum fækkaði um 64 á meðan kvenmönnum fækkaði um 76, og eru þá 3.933 karlmenn og 3.740 kvenmenn á Vestfjörðum. Íbúum í Bolungarvík

fjölgði um 7, úr 921 í 928. Íbúum í Ísafjarðarbæ fækkaði um 37, úr 4.173 í 4.136. Á Reykhólum fækkaði íbúum um 18 manns, úr 269 í 251, og á Tálknafirði fækkaði íbúum um 43, úr 355 í 312.

Íbúum í Vesturbyggð fækkaði um 29, úr 1.046 í 1.017, á meðan íbúum í Súðavík fjölgaði um 9, úr 224 í 233. Ef lítið

er til einstakra byggðarkjarna innan sameinaðra sveitarfélaga hefur íbúum Patreksfjarðar fækkað um 36, úr 688 í 652. Íbúum Bíldudals hefur fjölgað um 12, úr 221 í 233. Á Þingeyri hefur íbúum svo fækkað um 16, úr 337 í 321. Á Flateyri hefur íbúum fækkað úr 311 í 286, eða um 25 íbúa. Íbúum Suðureyrar hefur fækka-

ð um 14, úr 332 í 318. Íbúum Ísafjarðar hefur fjölgað um 23, úr 2.781 í 2.804, og íbúum í Hnífsdal hefur fækkað um 7, úr 261 í 254.

Allar tölur hér að ofan eru fegnar frá Hagstofu Íslands og eru miðaðar við 30. júní 2004 annars vegar, og 30. júní 2005 hins vegar.

– eirikur@bb.is

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 1. des. til sunnudags 4. des. eða meðan birgdir endast.

Ekkert brúð!

Úrbeinaður hangiflússkurur með beiskri KÍARNAFÆÐI

KÍARNAFÆÐI

595

1 kg

599

Frosinn KS lambabógur

839

1 kg

FROSNAR SVINARBLETTUR

FROSNAR SVINARBLETTUR

779

1 kg

FROSNAR SVINARBLETTUR

FROSNAR SVINARBLETTUR

30% afsláttur

40% afsláttur

1499

LANGBESTU MOLARNIR!

ALREIÐ Fylltir molar

69

199

98



www.bonus.is





Verkmennahús Menntaskólans á Ísafirði.

Iðnmenntun á Ísafirði í 100 ár

Iðn- og verkmenntun á sér langa sögu á Ísafirði, aldarlanga nánar til tekið. Akveðið var að halda upp á þessi merku tímamót nú þegar 100 ár eru liðin frá stofnun Kvöldskóla iðnaðarmanna, forvera Iðnskóla Ísafjarðar sem síðar var sameinaður Menntaskólanum á Ísafirði.

Af þessu tilefni var skipuð þriggja manna nefnd sem unnið hefur að undirbúningi hátíðarhalds sem fram fara á föstudag. Í nefndinni eru Snorri Hermannsson, síðasti skólastjóri Iðnskólans og fyrsti sviðsstjóri verkmennta hins sameinaða Framhaldsskóla Vestfjarða, Guðmundur Einarsson, núverandi sviðsstjóri verkmennta við Menntaskólann á Ísafirði, og Sigurður Pétursson, sagnfræðingur og kennari, sem gert hefur stutta samantekt um 100 ára sögu iðn- og verkmennta á Ísafirði. Fylgir hún hér á eftir.

Kvöldskóli iðnaðarmanna

Iðnaðarmannafélag Ísfríðinga, stofnað 1888, hafði forgöngu um iðnskóla á Ísafirði með stofnun teiknskóla veturinn 1905. Var það upphafið að skipulegri iðnskólafræðslu í bænum. Kennsla fór fram í

húsinu Hafnarstræti 11 og kennari var Ragúel Á. Bjarnason húsasmiður. Ragúel var uppalinn í Bolungarvík, en komst í vinnu hjá norskum hvalveiðimönnum í Jökulfjörðum og sigldi til náms í trésmíði í Noregi. Síðar sneri hann aftur 1904 og setti á fót trésmíðaverkstæði á Ísafirði.

Haustið 1905 var settur á fót Kvöldskóli iðnaðarmanna með kennslu í íslensku, dönsku, ensku, reikningi, bókfærslu og teikningu. Árið eftir var landafræði bætt við. Skólinn stóð yfir frá október til aprílloka, kennt var milli 19 og 22 á kvöldin. Skólahald fékk inni í barnaskólahúsinu fyrstu árin. Skólinn fékk styrk frá Alþingi fyrir tillögu Skúla Thoroddsen alþingismanns. Fyrstu skólanefnd skipuðu Björn Pálsson ljósmyndari, Jón Páll Gunnarsson snikkari og Kristján H. Jónsson prentari.

Almenn menntun fermdra unglinga

„Etlunarverk skólans er að stuðla að almennri menntun fermdra unglinga, einkum þerra er handiðnir stunda, eða eru vandabundnir iðnaðarmönnum“, segir í reglugerð Iðnaðarmannafélags Ísfríðinga um Kvöldskóla iðnaðar-

manna frá 1906.

Haustið 1912 var námi við kvöldskólann breytt í tveggja vetra nám og kennslustundafjöldi aukinn. Náttúrufræði var bætt á námskrána, þar sem kenna skyldi: „Vélar og þau náttúruöfl, er einkum væru hagnýtt í þágu iðnaðar, jarðfræði og nýttjartir og loks mannfræði.“

Kvöldskóli iðnaðarmanna var á þessum tíma eini framhaldsskólinn í kaupstaðnum og sinnti bæði iðnnámi og fullorðinsfræðslu, eins og það heitir nú. Nám við skólann stunduðu bæði þeir sem stefndu að iðnréttindum og fólk sem vildi tileinka sér almenna menntun.

„Vorur þar við nám, auk námspilta í iðnaði, kvenfólk og karlar, sem stunduðu ýmis störf, stúlkur í vistum og karlmenn við sjóróðra“, segir Arngrímur Fr. Bjarnason formaður Iðnaðarmannafélags Ísfríðinga í afmælisriti félagsins árið 1957.

Iðnskólinn Ísafirði

Frá árinu 1920 varð kvöldskóli iðnaðarmanna fyrst og fremst iðnskóli.

Á árunum 1923-1928 var skólinn sameinaður kvöldskóla UMF Árvakurs, sem var

undir stjórn Guðmundar frá Mosdal. Frá 1928 komst kvöldskólinn aftur undir stjórn Iðnaðarmannafélagsins. Skólinn var fyrst til húsa í Barnaskólanum en síðar í húsnæði Gagnfræðaskólans fram til ársins 1970.

Árið 1970 fékk Iðnskólinn húsnæði til eigin þarfa og flutti í Ísfríðingshúsið við Suðurgötu. Um leið var skólanum breytt úr kvöldskóla í dagskóla og fleiri námsbrautir teknar upp. Iðnskólinn Ísafirði var fyrsti starfsbrautaskólinn á landinu sem byggður var upp sem fjölbrautaskóli. Auk iðnnáms voru kenndar við skólann vélstjórn, stýrimannafræði, tækniteikun og frumgreinadeild tækniskóla.

Kennsla Iðnskólans var sameinuð Menntaskólanum á Ísafirði árið 1987 og starfsemi sett undir eina stjórn. Skólararnir voru sameinaðir í kjölfarið og um tíma nefndist skólinn Framhaldsskóli Vestfjarða. Árið 1995 var nýtt verkmenntahús tekið í notkun á lóð Menntaskólans á Ísafirði. Þar er aðstaða fyrir verklega kennslu í málmíðnaðargreinum og vélstjórn. Á hundrað ára afmæli iðnskóla eru eftirtaldir verkmenntageinar kenndar við Menntaskólann á Ísafirði: Grunndeild málmíðna

og rafiðna, trésmíði, vélstjórn 1. og 2. stig.

Skólastjórar Kvöldskóla iðnaðarmanna:

- 1906-1912 Árni Sveinsson, snikkari og kaupmaður
- 1912-1915 Sigurður Kristjánsson, búfræðingur og kennari
- 1915-1916 Hans Einarsson, kennari
- 1920-1922 Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur

Skólastjórar Iðnskólans:

- 1928-1930 Björn H. Jónsson, húsasmiður og skólastjóri
- 1930-1931 Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur
- 1931-1932 Lúðvíg Guðmundsson, skólastjóri GÍ
- 1932-1957 Björn H. Jónsson, húsasmiður og skólastjóri
- 1957-1964 Björgvin Sighvatsson, kennari og skólastjóri
- 1964-1975 Aage Steinnsson, tæknifræðingur og rafveitustjóri
- 1975-1981 Valdimar Jónsson, byggingatæknifræðingur
- 1981-1983 Björn E. Baldursson, rafmagnstæknifræðingur
- 1983-1985 Jón Ingi Haraldsson, véltæknifræðingur
- 1985-1987 Snorri Hermannsson, húsasmiðameistari

Áfangar í skólasögu Vestfjarða:

- 1852 Sjómannaskólinn á Ísafirði (Torfi Halldórsson Ísafirði)
- 1905 Kvöldskóli iðnaðarmanna
- 1906 Unglingaskólinn á Ísafirði
- 1907 Unglingaskólinn að Núpi, Dýrafirði
- 1912 Húsmæðraskólinn Ósk
- 1916 Mótornámskeið Fiskifélags Íslands
- 1920 Sjómannaskólinn á Ísafirði
- 1929 Héraðsskólinn Núpi, Dýrafirði
- 1931 Gagnfræðaskólinn á Ísafirði
- 1937 Héraðsskólinn í Reykjanesi
- 1949 Framhaldsdeild Gagnfræðaskólans á Ísafirði
- 1970 Iðnskólinn Ísafirði verður starfsfræðsluskóli
- 1970 Menntaskólinn á Ísafirði
- 1999 Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- 2005 Háskólasetur Vestfjarða

● Sælkerar vikunnar · Jóhanna Fylkisdóttir og Samúel Orri Stefánsson á Ísafirði

Tveir bragðgóðir réttir

Sælkerar vikunnar bjóða upp á bragðmikla og einfalda rétti. Fyrst bjóða þau upp á kjúklingarétt að mexíkönskum stíl. Fyrir þá sem vilja bragðsterkan mat er rétturinn ómótstæðilegur. Einnig bjóða þau upp á brauðrétt sem tilvalinn kostur fyrir veislur eða minni mannfagnaði þar sem hann er bæði einfaldur og fljótlegur.

Kjúklingaréttur

4-6 kjúklingabringur
1 rauð paprika
1/2 laukur
1 dós hot tacosósa (líka hægt að vera með milda

Burritos mix kryddi
Taco mix (í bréfi) eftir smekk
Doritos snakk
Taco skeljar
1/4-1/2 l matreiðslurjómi

Steikið lauk og papriku, skerið kjúkling í bita og steikið, kryddið og hellið sósunni og rjómanum yfir og látið malla í 30 mín. Berið fram með fersku salati, doritos snakki, taco skeljum og hrísgrjónum.

Brauðréttur

Brauð
skinka
paprika

sveppir úr dós
1/2 papriku ostur
1/2 mexiko ostur
rjómi

Rífið niður brauð í eldfast mót. Skerið niður skinku og papriku. Setjið ostana og rjómann í pott og bræðið vel. Hægt er að nota aðrar tegundir af osti og fer það eftir smekk hvers og eins. Bætið skinkunni, paprikunni og sveppunum við, hellið svo yfir brauðið, setjið ost yfir og inn í ofn á 170 ° þar til osturinn verður gulbrúnn.

Við skorum á hjónin Tinnu Óðinsdóttur og Skafta Elíasson á Ísafirði.



Allir hafa gott af verknámi

Þeir Guðmundur Einarsson, Gylfi Gunnarsson, Tryggvi Sigtryggsson og Þröstur Jóhannesson eru hver um sig umsjónarmenn verkgreina innan Menntaskólans á Ísafirði. Guðmundur í vélstjórn, Gylfi í grunndeild rafiðna, Tryggvi í málmíðnadeild og Þröstur í byggingagreinum.

Þeir eru sammála um að iðnnám hafi breyst nokkuð mikið frá því að þeir lærðu sín fög. Þannig hafi á sínum tíma einungis verið kenndar bóklegar greinar innan skólans, en verknám hafi allt farið fram á vinnustöðum. Þó tengingin við atvinnulíf sé enn sterk og menn fari eftir sem áður á samning hjá meisturum í iðngreinum, hefur verkleg kennsla innan skólaveggja aukist mikið.

Eins og gefur að skilja getur skóli á stærð við Menntaskólann á Ísafirði varla boðið upp á nám til sveinsprófs í mörgum greinum, en skólinn hefur þó útskrifað vélstjóra á 1. og 2. stigi. Hingað til hefur skólinn ekki getað útskrifað sveina eftir nýverandi kerfi, en eins og kunnugt er verður þar fljótlega breyting á. Boðið hefur verið upp á grunndeild byggingagreina og um áramót hefst kennsla í húsasmíði við skólann.

„Sú kennsla á eftir að fara fram í húsnaði sem verið er að innrétta í kjallara heima-

vistar skólans“, segir Þröstur. „Það er stefnt að því að geta útskrifað sveina í húsasmíði innan nokkurra ára. Þetta er í raun fjögurra ára nám, það er að segja með eins og hálfis árs starfsnámi sem fer fram í fyrirtækjunum.“

Tryggvi segir að í málmíðnum séu menn í grunnnámi í tvö ár en velja sér síðan sérgrein; stálsmiði, rennismiði, vélvirkjun eða blikksmiði svo nefnt sé dæmi.

„Það er náttúrulega alltaf matsatriði hversu fámennum hópum er hægt að kenna með góðu móti. Hér, eins og víða annars staðar, er það vandamál hversu fáir hafa áhuga á að mennta sig í hverju fagi.“

Gylfi segir sama vandamál innan rafgreinanna.

„Námið skiptist í svo margar greinar eftir grunnnámi. Þar má nefna rafeindavirkjun, rafvirkjun, rafvélavirkjun og rafveituvirkjun svo dæmi sé tekið. Það segir sig sjálfst að það myndu ekki margmennir hópar stunda nám í hverju fagi ef farið yrði að bjóða upp á nám til sveinsprófs.“

„Iðnnám er líka eðli málsins samkvæmt dýrara en bóknám“, segir Guðmundur. „Til að kenna iðngreinar þarf ýmis tæki og tól sem kosta peninga. Það verður alltaf pólitísk ákvörðun hversu margir nemendur þurfa að vera í hverri grein til að réttlætlegt sé að



Frá vinstri: Tryggvi Sigtryggsson, Guðmundur Einarsson, Þröstur Jóhannesson og Gylfi Gunnarsson.

kenna hana. Ég vil meina að það eigi að vera aðrir staðlar hér en í Reykjavík. Ég nota hvert tækifæri til að benda ráðherrum á þetta þegar þeir koma hingað í heimsókn.

Við höfum þó getað boðið upp á fjölbreytt nám þó nemendur séu fáir í hverri grein. Ég er mjög ánægður með það hvað skólafyrirvöld hafa viðurkennt litla hópa og hversu mörgum greinum hefur þó verið hægt að halda úti í skólanum.“

Þó iðnnám sé dýrara en bóknám er það að mörgu leyti mjög hagkvæmt. Námið er yfirleitt styttra og nemendur koma fyrir úti í atvinnulífi sem nokkuð sérhæfðir fagmenn.

„Bóknám og iðnnám er líka farið að blandast nokkuð mik-

ið, kannski sérstaklega fyrir sunnan“, segir Tryggvi. „Þar er það nokkuð algengt að stúdentar komi inn í iðnskólana, sem er mjög gott þar sem menn eru búnir með allt það grunn nám sem þeir þurfa.“

„Það hefur komið fyrir hjá okkur að menn byrja í bóknámi en skipta fljótlega yfir í verknám“, segir Guðmundur. „Þá hafa þeir kannski byrjað í bóknámi af því að það þykir ekkert sérstaklega fínt að vera iðnaðarmaður. Þetta er náttúrulega hugarfar sem þarf að breytast.“

Ég held að almennt hafi allir gott af smá verknámi, hvort sem þeir eru að læra til sveinsprófs eða stúdentsprófs. Ég held að það yrði til að mynda gott fyrir verkfræðimenntun í landinu ef stúdentar hefðu tek-

ið áfanga í iðnskóla og fengið þá metna til stúdentsprófs.“

Nemendur í iðnskólum þurfa að greiða efniskostnað og er heimilt að rukka allt að 24 þúsund krónum fyrir önnuna. Sjaldnast er sú heimild þó nýtt í botn. Til að mynda er hún einungis nýtt til hálfis í Menntaskólanum á Ísafirði.

„Ég hef lengi verið talsmaður þess að ef það á að leggja efnisgjald á nemendur, eigi það að ná jafnt yfir alla“, segir Guðmundur. „Það þarf víðar en í iðnnámi að nota alls kyns efni, og grundvallaratriðið finnst mér að mönnum sé ekki mismunad eftir námsgreinum. Það á ekki að vera dýrara að læra iðnnám en bóknám. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að gjald sem þetta

fælar menn í einhverjum tilfelli um frá iðnnámi.“

Tryggvi telur að menn megi ekki einblína á háskólanám þegar reynt er að auka framboð menntunar á norðanverðum Vestfjörðum.

„Mér finnst að fyrst við erum að tala um að geta útskrifað fólk á háskólastigi, þá megi líka horfa til iðnnáms. Það er ekki síður mikilvægt að menn geti lokið sveinsprófi í sinni heimabyggð. Þarna væri til dæmis hægt að nýta fjarnám miklu meira en gert er í dag.“

Það sem unnið hefur verið að, og verður áfram unnið að, er að geta útskrifað fleiri iðnaðarmenn á svæðinu. Ég held að allir séu sammála um að það eigi að vera næsta skref.“

– halfdan@bb.is

Verknám getur verið ávísun á svo margt

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segir mikla þróun á sviði tækni og iðnaðar á undanförunum árum hafa gert það að verkum að þörfin fyrir iðn- og tækni-menntað fólk fer vaxandi. Segir hún að ungt fólk sem hyggur á háskólanám sækir í vaxandi mæli í þessar greinar þegar komið er upp úr framhaldsskóla.

„Þó er eins og hvorki nemendur né foreldrar þeirra átti sig á því að verknám í framhaldsskóla getur einmitt verið góður grunnur að verk-, tækni- og raunvísindanámi síðar meir. Tilgangur fjölbrautaskólakerfisins er að gefa nemendum möguleika á að nýta hæfileika sína og finna sér námssvið í samræmi við hugðarefni. Nemandi sem tekur tvær annir í raf- eða málmíðnum getur til dæmis haldið áfram inn á bóknámsbraut til stúdentsprófs og útskrifast þaðan, ef hugurinn stefnir í þá átt. Hann er þá kominn með góðan grunn í verkfræðinám eða tækniháskóla, svo dæmi sé tekið.“

Þennan möguleika hafa margir vanmetið, en ég trúir því að smám saman muni fólk átta sig á því að verknám getur verið ávísun á svo margt. Það er ekki síst hlutverk skólanna að opna augu samfélagsins fyrir gildi verknáms og þróa námsleiðir sem svara kalli tímans. Þær þjóðir sem gengið hafa lengst í því að tengja saman verk- og bóknám eru einmitt þjóðir sem standa fremst á þessu sviði, til dæmis Finnar sem skara fram úr flestum Evrópuþjóðum í menntamálum og tækniþróun.“

Gildi iðnmenntunar meira nú en oftast áður

Nú er löng hefð fyrir iðnnámi á Ísafirði. Atvinnumynstur hefur þó breyst mikið á Ísafirði eins og annars staðar á Íslandi á síðustu áratugum. Ólína telur að gildi verk- og iðnmenntunar hafi síst minnkað við þessar breytingar.

„Gildi hennar er að mínu mati meira nú en oftast áður og þar kemur tvennt til. Sú mikla samfélagsáhersla sem hefur verið lögð á bóknámið undanfarna áratugi hefur yfirskyggt og að sumu leyti grafið undan verklegu námi, með þeirri afleiðingu að iðnmenntuðu fólk fer fækkandi í ákveðnum greinum. Um leið skapast sú hættu að ákveðin verkþekking hreinlega hverfi.

Á sama tíma hefur verið sívaxandi þörf fyrir tækni-menntun ýmiskonar vegna þess að samfélagið er jú stöðugt að verða tæknivæðara. Þetta þýðir að enn er mikil þörf fyrir iðnmenntað fólk á Íslandi og sú þörf mun ekki minnka. Hins vegar munu þeir skólar sem sinna verknámi, iðn- og tækni-menntun þurfa að aðlagast breyttum samfélagsháttum og taka tilliti til tækniþróunar og nýjunga í sínu námsframboði, líkt og Menntaskólinn á Ísafirði hefur verið að gera á undanförunum árum.“

Verkneminn er verðmæti fyrir samfélagið

Frá því að Menntaskólinn á Ísafirði varð að fjölbrautaskóla hefur iðn- og verknám verið mikilvægur hluti af námsframboðinu. En hversu stór hluti er þetta nám af heildarstarfsemi skólans, lauslega áætlað með tilliti til nemendafjölda, stöðugilda kennara, kostnaðar o.s.frv?

„Á þessari önn eru 6,5 stöðugildi í verknáminu af 30 stöðugildum dagskólakennslu, þannig að verknámið er um fimm-tungur náms- og kennsluframbóðs.“

Hins vegar vegur verknámið þyngra í kostnaðartölum þar sem þetta er dýrt nám, bæði tækjabúnaður sem notaður er og kennslukrafturinn sömuleiðis þar sem kennslunýtingin er minni en í bóknáminu. Verklegt kennslurými takmarkar fjölda nemenda sem komast að á hverjum tíma, þannig að nýting verklegra áfanga verður aldrei jafn mikil og í bóklegu áföngunum.

Við skulum þó ekki gleyma því að þó svo að verkneminn sé dýr í rekstri, er hann auðvitað verðmæti fyrir samfélagið þegar út úr skólanum er komið og þekking hans getur nýst á mörgum sviðum.“



Forgangsmál að hægt verði að ljúka námi við skólann

Nú hefur húsasmíðabraut leyst af hólmi grunndeild tréiðna í Menntaskólanum á Ísafirði. Er líklegt að hægt verði í nánustu framtíð að auka framboð á iðnnámi við skólann enn frekar? Væri til að mynda möguleiki að fá fyrirtæki á svæðinu til að taka þátt í að halda úti námi í ákveðnum iðngreinum, með því t.d. að kosta námið að hluta eða með því að lána aðstöðu, tæki og mannskap?

„Ég tel brýnt að skólinn einsetji sér nú að komast upp úr grunndeildunum, ef svo má að orði komast. Húsasmíðabrautin sem nú er að hefja göngu sína er fyrsta verkmenntabrautin í skólanum sem mun útskrifa nemendur með sveinsprófi. Aðrar verkmenntabrautir hafa einungis boðið upp á grunndeildir sem þýðir að nemandi lýkur 2-4 önnum hér en verður svo að fara í „móðurskóla“ til þess að ljúka náminu og fá fullgilt sveinsprófi.“

Þetta hefur hamlad mjög aðsókn að verknáminu hjá okkur, og því líf ég á það sem forgangsmál að fá leyfi fyrir fleiri fullburða verknámsbrautum. Ég tel að málmíðnirnar eigi að koma næst, og síðan vélstjórnargreinar.

Líklega verður þyngrur róðurinn varðandi vélstjórnargreinar því ef við tökum upp 3. og 4. stig þeirra þarf að byggja hér annað verkmenntahús. Upphaflega var gert ráð fyrir tveimur verkmenntahúsum hér á löðinni, en síðari áfanginn hefur ekki verið byggður enn.

Til þess að koma á fullburða málmíðnibraut þarf samvinnu menntaskólans og þeirra framleiðslufyrirtækja í málmíðnaði sem hér hafa starfað með góðum árangri. Skólinn hefur á undanförunum árum notið góðs af velvild atvinnufyrirtækja hér í bænum með ýmsum hætti, og nú erum við að velja fyrir okkur möguleikum á nánara samstarfi. Ég tel afar mikils virði ef því verður komið á. Með samvinnu þessara aðila og stuðningi fjárveitingavaldsins mætti gera stóra og góða hluti fyrir verknámið hér, til gagns fyrir atvinnulífið og skólann, og raunar samfélagið allt.“

Við Aðalgötu 14 á Suðureyri stendur gistiheimilið VEG-Guesthouse, sem er rekið af Elíasi Guðmundssyni og unnustu hans Jóhönnu Þorvarðardóttur. Þau hafa nýlega fengið viðurkenningu frá Samtökum ferðapjónustunnar fyrir þróunarverkefni sem þau hafa unnið að upp á síðkastið, og nefnist Sjávarþorpið Suðureyri - the Original Fishing Village. Blaðamanni Bæjarins besta var hugsað til þessa hugtaks þegar hann keyrði inn í bæinn og sá lítinn strák, sirka 3-4 ára gamlan sparka sér áfram á þrihjól með tengivagn í eftirdragi. Það er ekki fylgst með honum, það er hvergi að sjá foreldri eða föstru, leikskólakennara eða barnapiu. Svona nokkuð hefur blaðamaður varla séð síðan hann var sjálfur barn. Þetta er sjávarþorpið Suðureyri, það er *original*, og hér getur blaðamaður ekki betur séð en börnum sé óhætt. „Það er hérna“, kallar Elías þar sem blaðamaður er að sniglast í kringum húsið. „Það eru svo margir inngangar hérna, mér þótti vænlegast að fylgjast bara með þér og kalla til þín“. Þá er boðið upp á kaffi úr heljarinnar kaffimaskínu sem virðist geta framreitt allar heimsins exótískustu kaffitegundir. „Svart og sykurlaust“, segi ég, enda haldinn valkvíða af verstu sort.

Í sjávarþorpinu Suðureyri

Frá kortér í þrjú til dagsins í dag

– Hvernig kynnist þið? Þau hlæja bæði að þessari spurningu og segja síðan nær samtímis. „Nú á balli að sjálf-sögðu!“

„Kortér í þrjú“, segir Elías og hlær dátt.

„Ég eignaðist vinkonu sem er héðan þegar ég var sautján ára gömul“, segir Jóhanna. „Og ég kem síðan hingað að heimsækja hana eina helgi. Og leist svona ótrúlega vel á mig, var voðalega hrifin af öllu hérna“.

„Hún var svo hrifin af snjónum“, bætir Elías við.

Jóhanna: „Þetta var í nóvember, og ég flyt svo í desember 1998, akkúrat tveimur árum áður en við stofnuðum fyrirtækið. Alveg upp á dag. Þá flyt ég með allt mitt hafurtask, eina þvottavél og bakpoka. Tveimur árum eftir að við kynnumst þá stofnum við svo þetta fyrirtæki, sem í dag heitir Veg Guesthouse, 31. desember árið 2000, og verður fyrirtækið því fimm ára nú í desember. Þá keyptum við húsnæðið fyrir gistiheimilið, og það kostaði okkur nú ekki nema fimmtíu þúsund krónur“, segir Jóhanna og hlær. „Við ásamt fleirum, meðal annars foreldrum hans Ella, en útgerðin þeirra á hlut í fyrirtækinu, höfumst handa við að henda út öllum innanstokksmunum og byrjuðum að innrétta upp á nýtt. Fyrst var þetta nú bara til þess að hafa gaman af lífinu, til að hafa eitthvað skemmtilegt að gera. Þá hugsuðum við þetta ekki sem neitt annað en bara áhugamál“.

Elías: „Svona til þess að fylla upp í dauðar stundir“.

Jóhanna: „Svo reyndist þetta áhugamál svo skemmtilegt að það eignaðist hug okkar allan, gestum fór að fjölga mikið og þá ákváðum við að stækka við okkur“.

Elías: „Svo tókum við smá vinkilbeygju fyrir þremur árum síðan og fórum að skoða hvað væri hægt að gera með ferðapjónustu á Suðureyri. Og þá höfum við markvissa uppbyggingu við að búa til fram-tíðarsýn. Við vildum komast

ásamt þremur nýjum herbergjum. Við höfum unnið mikið í því að innrétta hérna sjálf. Þabbi hefur líka verið mikið í þessu, og tekið duglega til hendinni. Hann er handverksmaður og á stóran þátt í þessu“.

Jóhanna: „Í fyrra keyptum við svo húsið sem er áfast gistiheimilinu, fluttum inn í það sjálf og erum nú að byrja á að innrétta neðri hæðina sem 40 sæta veitingahús. Þá munum við breyta gamla veitingasalnum í gistirými“.

Elías: „Við komum svo til með að opna veitingastaðinn í vor, en þar verður áhersla lögð á að bera fram sjávarrétti“.

Jóhanna: „Uppbygging og stjórnun fyrirtækisins hefur reyndar ekki verið fullt starf fyrir okkur hingað til. Við höfum bæði unnið fulla vinnu á Ísafirði með þessu. Ég sem stjúrliði og Elli sem þjónustustjóri hjá Símanum. En það sem hefur bjargað okkur hingað til er að okkur hefur öðlast það lán að hafa á frá-bæru starfsfólki að skipa. Án þess frá-bæra fólks hefðum við líklega ekki komist upp með þetta“.

Elías: „Þetta hefur aldrei verið nema svona aukaáhugamál hjá okkur, við höfum staðið í þessari vinnu á kvöldin og um helgar. Og svo hefur starfsfólkið hjálpað okkur mikið í þessu á álagstímum, eins og Jóhanna segir. En áhuginn er alveg ódreppandi, og hann veldur því að það bætist sífellt við, hann dregur okkur alltaf áfram“.

Jóhanna: „Áhuginn kallar á að við bættum alltaf smá meiru við. Við viljum alltaf bæta aðeins meira við, og svo aðeins meira“.

Sjávarþorpið Suðureyri - the Original Fishing Village

Elías: „Svo tókum við smá vinkilbeygju fyrir þremur árum síðan og fórum að skoða hvað væri hægt að gera með ferðapjónustu á Suðureyri. Og þá höfum við markvissa uppbyggingu við að búa til fram-tíðarsýn. Við vildum komast

áð því hvaða möguleikar væru í boði og hverja þeirra við vildum nýta okkur, hvert við vildum stefna. Þegar við fengum svo ráðgjafarfyrirtæki til að koma inn í fyrirtækið og hjálpa okkur við þetta þá byrjuðu hlutirnir að gerast svolítið hratt. Út úr þessu kom nefnilega svolítið skemmtileg vara sem að við byrjuðum að keyra síðasta sumar og munum setja á fullt núna næsta sumar.

Svo ég segi þér þetta nú alveg frá byrjun, þá byrjuðum við á því að láta kanna vilja ferðamanna, létum gera skoðanakönnun hjá gestunum sem komu til okkar um hvernig þeir eru að upplifa svona sjávarþorp eins og Suðureyri. Hvað það er sem þeir myndu vilja gera í svona þorpi, hverjar væntingarnar voru áður en þeir komu hingað og hvað þeim fannst um þorpið eftir að þeir voru búnir að vera hérna. Við bárum þessar spurningar upp við þá, spurðum hóp ferðamanna, sem stoppuðu hérna hjá okkur, að því hvað við gætum gert betur fyrir þá. Út úr því kom skýrsla sem sló okkur svolítið, niðurstöðurnar úr þessari skýrslu reyndust mun gagnlegri og ánægjulegri en við áttum von á í fyrstu. Væntingarnar hjá fólki sem kom í þorpið voru ekkert ótrúlega miklar, einkunnin sem þorpið fékk var ekki nema rétt um þrjár af fimm mögulegum. En eftir að fólk fór gaf það heildarupplifun sinni einkunnina 4,9 af fimm mögulegum. Og þetta var sem sagt langt um fram það sem við höldum fyrirfram“.

Jóhanna: „Þess vegna settum við aftur niður með sama ráðgjafarfyrirtækinu og fórum að rýna í það hvað olli því að ánægjan með þorpið var svona miklu meiri en væntingarnar sem ferðamennirnir höfðu áður en þeir komu hingað. Þá fórum við annan hring og spurðum gestina hvað væri í gangi, og út úr því kom vara sem við ætlum að byrja að kynna núna um áramót, væntanlega, sem heitir Sjávarþorpið Suðureyri, the Original Fishing Village. Þessi vara

sem við ætlum að fara að markaðssetja núna snýst sem sagt fyrst og síðast um að fræða ferðamennina sem hingað koma um lífið í svona litlu sjávarþorpi með því að taka þátt í og upplifa lífið sem á sér stað hér í þorpinu. Inn í þetta kemur til dæmis verkefni sem við erum byrjuð að vinna, sem er að setja upp áningarsvæði þar sem fólk getur stoppað á leið sinni inn í þorpið og lesið sér til um lífið í þorpinu á 20 upplýsingaskiltum. Síðan getur það komið inn í sjálft þorpið og fengið sér að borða á sjávararréttaveitingastað, farið út á sjó með vönnum sjómönnum, farið í sjóróður, það getur fengið að fara inn í frystihúsið í skoðunarferð, og svo framvegis. Það er endalaust hægt að hnoða utan á þetta“.

Vilja fá fleiri með sér í lið

Elías: „Næsta skref hjá okkur er svo að hvetja aðra aðila á svæðinu til að koma í þetta með okkur, því þetta er eitthvað sem við ein munum ekki ráða við, heldur þurfum við að fá aðra hagsmunaaðila á svæðinu til að sameinast okkur í því að markaðssetja svæðið undir þessu sama vörumerki. Það þurfa ekki endilega að vera aðilar á Suðureyri, það geta verið aðilar á Ísafirði eða hvar sem er, við erum einfaldlega að leita að fólki sem vill koma að þessu verkefni með okkur. Og ég vil ítreka að í þessu snýst málið ekki um samkeppni heldur samvinnu, og ég hvet sem allra flesta til að taka þátt“.

Jóhanna: „Auglýsingastofan EnnEmm í Reykjavík er að vinna fyrir okkur markaðsgögn sem við ætlum að nota nú í vor, og þetta er eitt ákveðið vörumerki sem verður notað sameiginlega sem tákn þessa hóps og það er Sjávarþorpið Suðureyri - the Original Fishing Village. Hópurinn mun svo kynna sig sameiginlega undir þessu heiti. Þetta er niðurstaðan úr könnunum okkar á því hvað ferðamennirnir okkar vildu sjá. Þeir vilja kynna

Íslendingum, kynnast því hvað Íslendingar gera, hvernig þeir vinna og þar fram eftir götunum“.

– Erud þið eitthvað menntuð í ferðamálafræðum?

Elías: „Nei, en við höfum orðið mikla reynslu, og eins og ég sagði áðan þá er það helst áhuginn sem dregur okkur áfram. Við höfum fengið mjög góða ráðgjafa til að hjálpa okkur. Við höfum líka verið dugleg við að láta gestina okkar kenna okkur. Að láta þá segja okkur hvað þeir vilja. Það er eiginlega mesti lærdómurinn í þessu, það er auðvitað ferðamaðurinn sem getur auðveldast sagt okkur hvað honum þykir mest spennandi á svæði eins og þessu. Við leyfum honum því að ráða svolítið ferðinni“.

Útlendingunum finnst lyktin rosalega sérstök

– Hvað hafið þið verið að gera með túristana hingað til?

Jóhanna: „Íraun ekki ósvipaða hluti. Við höfum til dæmis farið með hópa í frystihúsið. Við ákváðum þetta síðasta sumar, að prófa að fara með ferðamennina þar í gegn. Svo höfum verið að bjóða þeim í yfirlitsferð um þorpið og þá segjum við þeim sögur á meðan við förum með þá á hina ýmsustu staði, til dæmis í beitningaskúrinn og á höfnina, auk þess sem við höfum stundum farið með þá út á sjó að veiða fisk. Það er þetta sem stendur mest upp úr hjá fólki, þetta og kvöldvökurnar. Á kvöldvökunum höfum við verið með slides-myndasýningar, og skemmtilegheit í veitingasalnum. Þá fræðum við kunnann líka um hvað það er sem gengur á hér á svæðinu. Og þá gefum við upp alls kyns upplýsingar, hversu margir búa í bænum, hversu margir stunda grunnskólanám, hversu margir vinna við fiskvinnslu og svo framvegis. Myndirnar eru héðan og þaðan úr mannlífinu, allt frá myndum af börnum á leikskólanum yfir að hausa-

verkuninni. Útlendingum finnst lyktin í hausaverkuninni rosalega sérstök. Og svo þegar við segjum þeim hvað er verið að gera þarna, og sýnum þeim myndir af starfsseminni, þá finnst þeim það líka mjög merkilegt. Að sjá hvaðan lyktin kemur, þessi indælis ilmur sem leggur hér um allt“, segir Jóhanna og brosir.

Elías: „Öll þessi hugmyndafræði byggir á því að nýta það sem fyrir er í þorpinu, allt það sem við eignum hérna, og gera það áhugavert fyrir ferðamennina. Við ætlum að nota ákveðna aðferðafræði til að kynna þetta fyrir fólki, og hún nefnist lífsstílsmarkhópagreining. Við munum sækja inn á ákveðna lífsstílsþópna, en við höfum komist að því að það eru ákveðnar lífsstílsþópar sem sækja frekar en aðrir í þorp eins og okkar. Okkar auglýsingafólk hefur verið að vinna að því með okkur að finna út úr því hvernig við getum náð sérstaklega til þessa fólks. Það er reyndar enn ekki alveg komið í ljós hvernig við gerum það. Við höfum lagt miklar fjárhæðir í að komast að því hvað við viljum gera og hverjir eru líklegir til að vilja þiggja það, og í að afla okkur þekkingar um þessa aðferðafræði. Nú er eftir að komast að því nákvæmlega hvernig við náum til þessa fólks. Það er næst á dagskrá og í vinnslu“.

Könnuðir, hugsuðir og kjarnahópur

– Hvaða hópar eru það sem sækja helst í sjávarþorp eins og Suðureyri, the Original Fishing Village, eru það miðaldra húsmæður, eða róstur-samir táníngar?

Elías: „Nei og já, það virkar ekki beint svo leiðis. Það eru ákveðnar kenningar sem segja að það séu til sjö tegundir af fólki í heiminum, sjö lífsstílsþópar. Það eru hugsuðir (reformer), kjarnahópur (mainstream), könnuðir (explorer), áhrifahópur (aspirer), árangurshópur (success), flóttahópur (resigner) og íhald (struggler). Þeir þrjár fyrstefndu, hugs-

uðirnir, kjarnahópurinn og könnuðirnir, eru þeir hópar sem eru hvað vænlegastir viðskiptavinir fyrir þorp eins og okkar. Næstu tveir í röðinni, áhrifahópurinn og árangurs-hópurinn, eru ekki spenntir fyrir sjávarþorpi. Fólk af þessu tagi sækir frekar í finni og dýrari hótél og þjónustu, þetta er merkjavörufólkið. Íhaldið og flóttahópurinn eru svo einfaldlega ekki spennandi mark-hópar, svo þeir detta bara sjálf-krafa út. Þetta er yfirleitt fólk sem er ekki mikið fyrir að stunda viðskipti, eða fyrir að kanna heiminn. Svo það er nær tilgangslaust að ætla að nálgast það með auglýsingar.

– Þið eigið þá kannski von á því að á næstu árum muni hver krókur og kimi Suðureyrar, og jafnvel nágrennis, fyllast af hugsuðum, könnuðum og fólki úr kjarnahópi?

Jóhanna: „Þetta er allavega það fólk sem hefur áhuga á að flakka um heiminn, það er auðveldara að selja þessu fólki hugmyndina frekar en öðrum. Og út frá þessu viljum við sækja til þessa fólks, enda teljum við eins og ég segi að okkur sé auðveldara að selja þessu fólki það sem við höfum upp á að bjóða. Meira get ég ekki sagt um hvernig við gerum þetta, það kemur í ljós síðar“.

Fyrst og síðast sumarbissness

– Þið stofnuðuð fyrirtækið í lok árs 2000, hvenær opnuðuð þið gistiheimilið fyrst?

Jóhanna: „Við opnuðum gistiheimilið svo um sumarið, í maí, 2001. Það er opið hjá okkur allt árið þó mest sé að gera yfir sumartímann“.

Elías: „Ég held við höfum fengið um 20 gesti frá áramótum fram í maí í fyrra“.

Jóhanna: „Já, þetta er frekar lítið yfir vetrartímann“, segir Jóhanna og hlær.

Elías: „Þetta er lítill bissness þannig séð, og íraun bara sumar-bissness. En herbergin eru alltaf til staðar og því ástæðulaust að vísa neinum frá þó hann komi utan mesta ferðamannatímabilsins, og ástæðulaust að loka. Þetta eru eiginlega bara Íslendingar sem koma yfir veturinn, en svo er það öfugt um sumarið, að það eru nær eingöngu erlendir ferðamenn sem stoppa hjá okkur þá“.

– Hvað annið þið mikið af fólki?

Jóhanna: „Við erum með sjö herbergi, þrettán rúm. Svo ná- um við að fjölga upp í fimmtán rúm þegar við færum veitinga- salinn, og verðum með fjórutíu sæti í nýja veitingasalnum. Veitingahúsið verður að lík- indum opið alla daga vikunnar yfir sumartímann, en bara fyrir hópa á veturna. Ég hef verið í því að semja við starfsfólk á veitingastaðinn og svona. Eitt af því ánægjulegasta við að koma upp veitingastað er að þá getum við teygð á vertíðinni í báða enda, svo hún byrji fyrr á vorin en endi seinna á haust-

in, með því að ná til okkar stærri hópum en við höfum gert áður. Hluti af því að ná því marki er að nú ætlum við að koma okkur út í að vera með skipulagðar ferðir. Þá tekur fararstjóri á móti ferðamönnum á áningarsvæðinu, gengur með þeim inn í bæinn, í frystihúsið, á höfnina og endar svo í sjávarréttaveislu hjá okkur, ásamt meðfylgjandi fræðslu um lífið á svæðinu“.

Segja aldrei nei við gestina

– Er ákveðið hvar áningar- svæðið mun rísa?

Elías: „Við erum búin að sækja um svæði til umhverf- isnefndar, en það hefur enn ekki verið fastneglit nákvæm- lega hvar það verður. En það verður einhvers staðar þar sem maður kemur inn í þorpið. Það eru nokkrar hugmyndir í gangi um það nákvæmlega hvar, en það á bara eftir að koma í ljós“.

– Er þetta starf ekki stundum ljúandi?

Jóhanna: „Jú, vissulega. Við höfum tamið okkur þá grund- vallarreglu að segja aldrei nei við gestina okkar. Þá hefur það gerst klukkan 2 að nóttu að gestur hefur verið á leiðinni út af hótelinu og hringt og viljað kaupa tvo sjampóbrúsa til að taka með sér. Þá er nátt- úrulega bara rokið af stað. Hann var bara að pakka niður, var á leiðinni á Hornstrandir og þurfti tvo brúsa. Maður reddar náttúrulega bara því sem maður þarf að redda. Við höfum til dæmis látið rúmið undan okkur yfir á hótelið, þegar vantaði pláss, og sváfum bara á sófanum eina helgi“.

Elías: „Það skemmtilegasta við þetta er að kynna fólk alls staðan að úr heiminum. Við höfum verið að mynda vináttutengsl við fólk héðan og þaðan, Bandaríkjunum, Frakklandi, Sviss og fleiri löndum. Svo heldur maður smá kontakti við fólk eftir að það er farið. Þetta er það sem gerir þetta algerlega þess virði, meðal annars“.

Jóhanna: „Við eigum inni heimboð úti um víða veröld. Allt frá Tennessee í Band- aríkjunum til Rússlands, Ung- verjaland, Frakklands, Sviss“.

Rússarnir og Banda- ríkjamenirnir sér- staklega skemmtilegir

Elías: „Uppistaða gesta á hótelinu er Þjóðverjar, Frakkur og Svisslendingar. Svo er eitt- hvað af Bandaríkjamönnum sem detta hérna inn. Það er áberandi hvað þeir eru skemmtilegir“.

Jóhanna: „Þeir eru svo rosa- lega glaðir og kátir, verða al- veg bestu vinir manns strax. Það er rosalega gaman af þeim“.

Elías: „Rússarnir, þeir eru líka rosalega skemmtilegir. Við fengum rússneska fjöl- skyldu hingað í sumar sem stoppaði í tvo daga. Þetta var vel efnað fólk og hefur sjálf-



sagt skilið eftir sig um 300 þúsund krónur í þorpinu þessa tvo daga sem það var hérna. Það gerði allt sem var hægt að gera, karlarnir fóru út á sjó og hvaðeina. Þetta endaði svo með því að við vorum boðin í rússneska fiskiveislu. Þau yfir- verjaland og elduðu rúss- neska fiskisípu með rússnesk- um vodka. Það var lítið annað í henni en vatn, grænmeti, fiskur og vodka. Þetta fólk bauð okkur síðan í þorpið sitt, en þau eiga þorp á stærð við Suð- ureyri sem þau byggðu fyrir starfsfólkið sitt. Þau buðu okkur að koma og heimsækja sig þar. Svo eiga þau hótél fyrir starfsfólkið sitt niðri við Svartahaf, og þau buðu okkur líka að koma þangað ef við vilðum. Það eru þessi skemmtilegu tengsl sem maður er að mynda, og þó maður nýti sér þau ekki alltaf þá erum við að skrifaft á við mikið af þessu fólki enn í dag. Svo er líka virkilega gaman að fá lífssýn fólks sem býr hinum megin á plánetunni, beint í æð.

– Það gefur manni voða mik- ið. Þetta er aðaldrifkrafturinn í okkur að halda þessu áfram. Það er svo gott fólk sem heimsækir okkur. Vínskápur- inn okkar er fullur af erlendum vinum sem við höfum fengið gefins, til dæmis“. Elías stend- ur á fætur, gengur yfir að stór- um vínskáp og opnar hlerana svo flöskurnar sjást. „Hérna er rússneskur vodka, ungersk- ur þjóðarsnafs, ekta Jack Dani- els, og fleira og fleira“.

Hráefnið kemur allt úr firðinum

Jóhanna: „Svo erum við sjálf að senda frá okkur bragð- bætt vodka til ferðamanna. Þá tökum við aðalbláber og látum liggja í vodka og syki í nokkra skemmtilegar mjóður sem við sendum þeim til baka. Blá- berjasnafs úr berjum sem við týndum auðvitað í firðinum. Við skiptumst þannig á svona vinagjöfum við gestina. Og allt úr firðinum“.

Elías: „Við ætlum ekki að bjóða upp á mat á veitinga- staðnum sem fæst ekki á svæð- inu. Það verða bara sjávarréttir

sem er hægt að veíða hér. Við höfum fengið lóð þar sem við getum verið með garð til að rækta matjurtir í. Svo höfum við fengið vin okkar til að kafa eftir krækling nú í vor. Það er svo mikið af kræklingi hér í firðinum, hann verður bara að fara í veiðiferð. Við keyptum á sjávarútvegssýningunni síð- ast stórt kar til að hreinsa sand- inn innan úr kræklingnum. Hann er alltaf dálítið leiðin- legur beint upp úr sjónum, hann þarf að standa í tvo sólar- hringa í þessu hreinsikerfi og þá er hann góður. Hann andar í karinu og þá streymir vatnið um hann og skiljan hreinsar sandinn í burtu. Þetta verða því skemmtilegar veitingar sem koma frá fyrstu hendi, beint frá sjómanninum. Við höfum einmitt opnað heima- síðuna firsthand.is, og erum farin að nota það slagorð. Fisk- urinn kemur beint frá sjómann- inum, grænmetið kemur beint úr garðinum, kræklingurinn beint úr firðinum, berin beint úr fjöllunum. Þetta er náttúru- túrismi af bestu gerð. Ferða- mennirnir eiga að fá að smakka

á því sem umhverfið gefur af sér. Við verðum reyndar að kaupa þá fáu hluti sem engan veginn er hægt að framleiða hér“.

– Er það nokkuð?

Jóhanna: „Já, til dæmis vín- ið. Bláberjasnafsinn. Við meg- um ekki selja hann, það best ég veit. Við höfum ekkert verið að leggja okkur eftir því reyndar, höfum einfaldlega gefið hann til góðra viðskipta- vina“.

Ætla að tvöfalda ferðamannaþjöldann

Eliás: „Við erum búin að gera framtíðarsýn til 2012, um hvernig við viljum sjá þetta næstu árin. Við erum svo bjart- sýn að við teljum okkur geta tvöfaldað ferðamannaþjöld- ann, að minnsta kosti miðað við þær áætlanir sem við höf- um gert, á þessum tíma. Það er nefnilega rosalegur fjöldi sem kemur til landsins, þó það sé ekki mikið af fólki sem kemur til Vestfjarða sem slíkra. Þá er það ennþá minna af fólki sem skilar sér inn í hvert og eitt þorp. Samkvæmt rannsókn sem var gerð 2004, minnir mig að það hafi ekki verið nema um 1600 manns sem komu hingað til Suð- ureyrar, það er, erlendir ferða- menn. Sú tala er náttúrulega hlægilega lítil miðað við það sem er að koma til landsins, og þess vegna held ég að það sé mjög auðvelt að tvöfalda þann fjölda. Það er stefnan hjá okkur að stækka meira við okkur, þó það verði ekki gert alveg strax. Fyrst viljum við klára veitingahúsið og koma því almennilega í gang, áður en við tökum næsta skref. Við viljum líka standa sjó í ein- hvern tíma, þetta er fjárfrekt verkefni“.

– Nú fenguð þið viðurkenn- ingu frá Samtökum ferðaþjón- ustunnar fyrir skemmstu, segid mér aðeins af því.

Eliás: „Við erum að fá þessa viðurkenningu fyrir nýsköpun og vörubrúun, sem sagt fyrir þetta næsta skref sem við erum að taka núna. Við vorum búin að kynna þessar hugmyndir á nokkrum stöðum. Eins og ég segi við höfum verið að vinna þessa hugmynd í tvö ár og þau tóku eftir því hjá SAF. Það er mikil viðurkenning fyrir okkur að þetta sé eitthvað sem fólk trúir á. Það hvetur okkur enn meira áfram, segir okkur að við séum á réttri braut“.

Jóhanna: „Þetta er klapp á öxlina um að það séu fleiri en við hrifin af þessari hug- mynd“.

– Að lokum, ég sé að þið eruð trúlofuð...

Eliás: „Já. Jóhanna fékk bónonrð í Eiffel-turninum núna í september. Við eigum bara eftir að ákveða hvenær við klárum athöfnina, erum að reyna að finna tíma núna. En það verður ekki á sumarver- tíðinni, er ég hræddur um“.

Jóhanna: „Já, þetta verður annað hvort haust- eða vor- brúðkaup, svo mikið er víst“.

– eirikur@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu eru Gamo loftskambýssa og tvær haglabýssur (einhleypa og tvíhleypa. Ennig er til sölu næstursjónauku, infrarauður. Fæst á góðu verði. Uppl. í síma 868 4080.

Til sölu er Toyota RAV4, árg. 2002, ekkinn 30 þús. km. Sérstaklega vel meðfarinn. Upplýsingar síma 456 4028.

Þeir sem vilja endurnýja leigu á leiðiskrossum frá Kiwanis-klúbnum Básam fyrir jóln, eru vinsamlegast beðin að hafa samband í síma 896 2852 eða 894 3518. Básafélagar!

Til sölu er Toyota Landcruiser LX90 New, árg. 2003, ekkinn 93 þús. km. Ný vetrardekk á 17" álfelgum og ný sumardekk á 17" stálfelgum. Hagstætt lán getur fylgt. Skipti á ódýrari bíl möguleg. Verð kr. 3.450.000.- Uppl. í síma 891 8354.

Oska eftir íbúð til leigu á Ísafirði með húsgögnum yfir jól og áramót. Uppl. í síma 846 8163.

Oska eftir kassavönum kettlingi gefins. Upplýsingar í síma 846 7487 (Harpa).

Til sölu er Audi A4 árg. 96, 1800 vél, í góðu standi. Silfurlitaður og ný nagladekk. Uppl. í síma 847 7487 eða 863 1612.

Til sölu er Subaru Forrester árg. 98, ekkinn 90 þús. km. Sjálfskiptur. Skoðaður 06. Verð kr. 800 þús. Uppl. í síma 865 9637.

Tónlistarskóli Ísafjarðar vantar eftirtalin húsgögn fyrir starfsmenn: Isskáp, þvottavél, sjónvarp, sófasett, sófaborð, stofuská, borðstofuhúsgögn, rúm, rimlarúm, ungbarnastól, lampar og ljós og margt fleira. Uppl. í síma 456 3925 og 456 8172.

Sky Plus gervihnattabúnaður með öllu til sölu. Upplýsingar í síma 456 5096.

Kolaport verður laugardaginn 3. desember frá kl. 14-19 í fundarsal Hvatar í Félagsheimilinu í Hnífsdal.

Til sölu er Natur-tekk sjónvarpskápur frá Miru, 110x169 cm, dökkbrúnn stofu/borðstofuskápur frá Tekk Company, hringlött antik mahony-litað teborð með renndum fótum og ca. 3ja ára dökkblár hornsófi, 210x260. Allir hlutirnir eru mjög vel meðfarnir. Fyrstir koma, fyrstir fá. Uppl. í síma 847 0285.

Gömul eldavél fæst gefins, er í lagi, ný tenging. Sá sem vill hana þarf ekkert að gera nema að setja í gang. Uppl. í símu 456 2095 eða 845 0875.

Til sölu er sófasett. Fæst fyrir lítinn pening eða gefins. Uppl. í síma 456 3076.

Ef þið eruð að fara til Rvk. þá höfum við ódýra séríbúð handa ykkur. Uppl. í síma 554 6396.

Fjölmarginir styrkir til Vestfjarða í drögum að fjárlögum

Fjöldamörg verkefni á Vestfjörðum hljóta styrki samkvæmt nýjum drögum að fjárlögum íslenskaríkisins. Meirihluti fjárlaganefndar gerir það að tillögu sinni að skíðasvæðið í Tungudal fái 5 milljónir og nýbúamíðstöð á Vestfjörðum fái 16,3 milljónir. Þá fær Náttúrustofa í Bolungarvík 13,4 milljónir. Hrafnseyri fær 5,9 milljónir, Ósvör fær 5 milljónir og safnahús í Neðstakaupstað fær 4 milljónir. Harmonikkufélag Vestfjarða fær 300 þúsund, og Tónlistarfélag Ísafjarðar 900 þúsund. Þá fæst ein milljón til endurbóta á Holti í Önundarfirði.

Snjálfjallasetur á Snæfjallaströnd fær tvær milljónir, og verkefnið Vestfirðir á miðöldum fær fimm milljónir. Þrjár og hálf milljón eiga að fara í viðgerðir á bátum Sæðis ÍS,

og Víkingaverkefni á Vestfjörðum fær fimm milljónir. Verkefnið Heilsuþerinn Bolungarvík fær eina milljón, og sömuleiðis Ferðaþjónustan Grunnavík. 500 þúsund verða lagðar í umbætur á lendingu í Grunnavík, og 300 þúsund í sams konar verkefni við Galtarvík. Þá fær Súðavíkurbreppur tvær milljónir vegna Garðsstaða.

Þá er gert ráð fyrir því að verkefnið Gestastofa og Þjónnustuhús í Árneshreppi fái tveggja milljón króna framlag, auk þess sem verkefni um nýsköpun og markaðsmál í Árneshreppi hlýtur fimm milljónir. Þá er lagt til að Galdrasýning á Ströndum fái fimm milljónir, Saudfjársetrið fái þrjár milljónir til að kaupa húsnæði að Skeiði 3 á Hólmavík. Ein milljón á að fara í hákarla-

hjáll í landi Asparvíkur og gert er ráð fyrir að hákarlahjallur og skemma á Reyðarhleini á Dröngum fái aðra milljón. Þá gerir meirihlutinn að tillögu sinni að Strandmenningarverkefnið NORCE, sem Strandamenn eru meðlimir að í gegnum Byggðasafnið á Reykjum, fái fimm milljónir og eina enn til útgáfu á bókinni Strandir - jarðalýsingar og ábúndatöl. Þá eiga 900 þúsund krónur að fara í lendingarbætur í Ingólfsfirði, og 200 þúsund í lendingarbætur í Karlshöfn á Gjögri.

Hlunnindasýning á Reykhólum fær tvær milljónir og Flateyjarbókasafn 500 þúsund krónur. Ferðamálafeilag Dalasýslu og Reykhólasveitar fær eina milljón. Þá hlýtur Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti 2 milljónir til umhverf-

isbóta við safnið og Búnaðarsamband Vestfjarða, Sögufélag Barðstrendinga og Sögufélag Ísfríðinga fá 500 þúsund vegna útgáfu rits um Vestur-Barðstrandarsýslu, og eina og hálf milljón til tölvusetningar. Þremur milljónum er veitt til viðgerðar á Maríu Júlíu BA, ein milljón verður lögð í viðgerð á safni Samúels Jónssonar í Selárdal og önnur til viðgerðar á húsi Gísla á Uppsölum. Tálknafjarðarhreppur fær fimm milljónir til uppbyggingar á ferðaþjónustu, og fjórar milljónir verða lagðar í atvinnuuppbyggingu í Vesturbyggð.

Þá eru veittir nokkrir styrkir í gegnum Húsafriðunarsjóð, og fær vélsmiðjan á Þingeyri fimm milljónir. Þingeyrar-kirkja í Dýrafirði, Gamla salt-húsið á Þingeyri, Vatnseyrar-

búð á Patreksfirði og Gamla Faktors húsið á Ísafirði fá fjórar milljónir hvert. Þrjár milljónir eiga að fara í Gamla barnaskólann á Ísafirði og sama upphæð í Skjaldborgarbíó á Patreksfirði, Eyrardalsbæinn í Súðavík og Kaldrananeskirkju. Þá fær Einarshús/Péturshús í Bolungarvík tvær milljónir, Miðstræti 3 í Bolungarvík aðrar tvær milljónir, sem og Smíðjan á Bildudal. Gamlar byggingar á Stað í Reykhólasveit fá einnig tvær milljónir. Verksmiðjubygging síðlarverksmiðjunnar á Djúpa-vík á Ströndum á þá að fá eina milljón.

Allar tölur að ofan eru miðaðar við tillög meirihluta Alþingis við gerð fjárlaga fyrir árið 2006. Önnur umræða um fjárlög 2006 fór fram á Alþingi á föstudag. - *eirikur@bb.is*


Norðurtangahúsinu breytt í íbúðarhúsnæði

Til stendur að byggja ofan á húsið við Sundstræti 45 á Ísafirði, annað hinna svokölluðu Norðurtangahúsa, og breyta því í íbúðarhúsnæði. Undanfarin þrjú ár hefur þar verið hýst beituverksmiðja sem að sögn aðstandenda gaf góða raun en nauð af einhverjum ástæðum aldrei vinsælda meðal fjárfesta. „Þess vegna er ekkert annað að gera en að reyna að búa til einhverj verðmæti úr þessu húsi“, segir Sveinhjörn Jónsson, eigandi hússins og sá sem mestan þátt átti í að koma



beituverksmiðjunni á fót. Fyrir það fékk hann frumkvöðlaverðlaun Ísafjarðarbæjar í fyrra. „Ég er búinn að halda þessu húsi úti í þrjú ár og hef reynt að koma þar upp atvinnustarfsemi, en það er ekki nóg að ég trúi á þetta verkefni, aðrir verða að trú á það líka. Verksmiðjan er

ennþá í húsinu, en ég á ekki von á því að hún fari í gang þar aftur.“ Sveinhjörn hefur sótt um tveggja hæða hækkun á húsinu sem þá yrði sex hæða hátt. „Það er þó líklegra að það verði bara ein hæð byggð ofan á húsið. Það fer einfaldlega eftir því hvað er skynsamlegt að gera. Þarna gætu verið á bilinu tíu til tólf íbúðir. Ég ætla að byrja á þessum breytingum sjálfur, en hvort ég eigi síðan eftir að klára þær verður bara að koma í ljós“, segir Sveinhjörn Jónsson. - *halfdan@bb.is*



Norðurtangahúsinu verður breytt í íbúðarhúsnæði.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Enn fækkar Vestfirðingum

Fyrir viku birtist hér í blaðinu frétt um fólksfjölda á Vestfjörðum. Það vekur upp spurningar um fjölda á Vestfjörðum skuli ekki vera fleiri en 7700. Þeim hefur fækkað mjög frá árinu 1997, um 1156 úr 8856. Fækkun fólks er mikil og einkar brýnt að skoða hverju sætir. En ýmsar ástæður koma upp í huga venjulegs fólks þegar leitað er skýringa á því hvers vegna fólk greiðir atkvæði með fótunum og ákveður að fara annað. Margt hefur færst til betri vegar á Vestfjörðum, samgöngur á landi orðið betri við höfuðborgina.

En það dugur ekki til ef fólk vill fyrst og fremst nota þær til þess að flytja sig brett. Þessi þróun hefur áður verið gerð að umræðuefni á þessum vettvangi enda ástæða til, svo ekki sé dýpra í árinu tekið. Vestfirðir eru sá hluti Íslands sem á helst undir högg að sækja í þessum efnunum. Borgrikið á suðvesturhorninu dafnar. Okkur Vestfirðingum á ekki að vera það áhyggjuefni heldur hitt að undan byggð fjarar á Vestfjörðum. Hvernig ber að bregðast við? Ekki blæs byrlega fyrir Byggðastofnun um þessar mundir. Enda er það svo að hún hefur ekki orðið til þess að lifga mikið upp á landsbyggðina. Starfsemi sem rekin er með forgjöf er ekki endilega besti kosturinn.

En hvað er átt við með hugtakinu forgjöf? Fyrst og fremst styrk eða lánveitingar á sérkjörum eða einfaldlega að lána sé til atvinnurekstrar á öðrum forsendum en þeim að hann sé líklegur til þess að vera arðbær. Að halda úti

atvinnu án þess að hún skili arði dugur ekki nema skamma hrif og þá venjulega með þeim afleiðingum að allir tapa í raun á slíku framferði. Leita þarf kostnaðar tækifera sem henta og atvinnustarfsemi sem upp er tekin verður að standa á eigin fótum, helst frá upphafi. Hitt er alþekkt að oft er nauðsyn að eiga aðgang að stofnfé, einkum ef kostnaður fylgir rannsóknunum sem eru undanfari þess að fyrirtæki er byggir á nýjungum sé sett á fót.

Í allri umfjöllun um byggðarþróun á Íslandi er þess helst að sakna að fátt nýtt kemur fram í umræðunni. Rætt hefur verið um stofnun Háskóla á Vestfjörðum og þá eiga talsmenn við Ísafjörð. Það er óskynsamlegt þótt freisting væri sterk. Háskóli þarf uppfylla lágmarksskilyrði, sem ekki nást að óbreyttu ástandi og mannfjölda á Vestfjörðum. Þessi nýjasta hugmynd um að lyfta fjórðungnum er andvana fædd og sýnir hve langt hægt er að teygja sig í yfirboðum. Bæjarstjórnir í Bolungarvík sýnir raunsæi þegar hún áréttar að í tengslum við breytingar á stjórn löggæslu standi dómsmálaráðherra við loford um ný verkefni handa þeim sýslumönnum sem ekki munu stýra lögreglu lengur verði hugmyndir um nýskipan löggæslunnar að verkuleika. Smátt þarf ekki að vera vont og er það alls ekki þegar það skilar verkefnum út á land. Það þýðir ekki að gleypa heiminn í einum bita, heldur vinna markvisst að framförum.



Höfuðstöðvar Orkuþing Vestfjarða.

Frjáls verslun með rafmagn hefst um áramót

Eftir áramót fá einstaklingar að skipta við hvaða þann raforkusala sem þeim sýnist, en síðustu áramót var þessi verslun gefin frjáls fyrir fyrirtæki sem nota 100 kílóvött eða meira. Að sögn Kristjáns Haraldssonar, orkuþingstjóra Orkuþing Vestfjarða, nýtti ekkert fyrirtæki á Vestfjörðum sér þennan nýtilkomna kost að flytja viðskipti sín til annarra raforkufyrirtækja. „Mismunur á orkuverði er ákaflega lítill“, segir Kristján.

„Ég sé því ekki fram á að venjulegt heimili muni spara mikið meira en hundraðkrónur á mánuði á því að flytja sig frá dýrasta raforkusala til þess ódýrasta. Hvatinn til skipta er því ekki mikill að svo stöddu“. Breytingin sem um ræðir nær einungis til smásölu á raforku, þ.e. sölu á sjálfri vörinni rafmagn, en menn eru áfram

bundnir af dreifingaraðilum.

Dreifingaraðili allrar raforku á Vestfjörðum er Orkuþing Vestfjarða. Nokkuð er um bændavirkjanir á Vestfjörðum sem gætu selt raforku sína á frjálsum markaði að fengnu tilskildu leyfi frá iðnaðarráðherra, og eftir að dreifingarsamningar þeirra við Orkuþing Vestfjarðarena út, en að sögn Kristjáns eru þeir gerðir til margra ára í senn. Það verður því fyrst og síðast um að ræða flutning á milli stóru raforkufyrirtækjanna, Vestfirðingar gætu því til dæmis flutt viðskipti sín til Norðurorku, eða Orkuveitu Reykjavíkur, svo dæmi séu tekin. Neytendastofa mun svo taka að sér að veita almenningi upplýsingar um raforkuverð hinna ýmsu fyrirtækja.

Sams konar kerfi var tekið upp í Noregi árið 1999 og á

málþingi sem haldið var í fyrir stuttu á vegum Orkustofnunar sagði Ole Haugen, einn fyrirlesara, að reynsla Norðmanna af kerfinu sé tiltölulega jákvæð og Norðmenn séu vel meðvitadír um þá kosti sem bjóðast. Þá sagði hann algennt að heimili skipti um raforkusala, eftir því hver býður best á hverjum tíma.

Fram kemur í Morgunblaðinu að aðeins 17 fyrirtæki af um 1000 sem nota 100 kílóvött eða meira, hafi fært sig á milli söluaðila það sem af er ári. Ingibjörg Valdimarsdóttir, deildarstjóri markaðsdeildar Orkuveitu Reykjavíkur, segir í samtali við Morgunblaðið að sér hafi komið á óvart að fleiri skuli ekki hafa skipt um sölu-fyrirtæki. Þá segir Ingibjörg að nokkuð hafi verið um að viðskiptavinir Orkuveitu Reykjavíkur hafi haft samband

til að ræða um viðskiptakjör og að nýir samningar hafi verið gerðir í framhaldinu. Ingibjörg segir að markaðsdeild Orkuveitunnar hafi ekki enn sem komið er lagt mikla áherslu á að nálgast nýja viðskiptavinum að fyrra bragði.

Þessar breytingar eru ekki einu fréttirnar af raforkumálum á Vestfjörðum sem eiga sér stað um áramót, því eins og kunnugt er stendur til að ný virkjun verði gangsett upp úr áramótum í Tungudal. Um-rædd virkjun mun afkasta 700 kílóvöttum, og verður að sögn mjög hagkvæm, meðal annars vegna þess að um jafnstreymi vatns er að ræða yfir allt árið og dregur því ekki úr framleiðslugetu yfir vetrartímann. Útlit er fyrir að hún muni kosta líðlega 100 milljónir með öllum vélbúnaði.

– eirukur@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði

Kennsla á vorönn 2006

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir kennurum í eftirtöldum greinum:

Þýska – 18 klst. á viku

Enska – 24 klst. á viku

Umsóknir ásamt gögnum um menntun og starfsferil skulu hafa borist skólameistara Menntaskólans á Ísafirði (Pósthólf 97, 400 Ísafjörður) **fimmtudaginn 8. desember nk.** Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 86/1998 um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Starfskjör fara eftir gildandi kjarasamningi ríkisins og KÍ.

Nánari upplýsingar veita Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari og Guðbjartur Ólason, aðstoðarskólameistari í síma 450 4402. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skólameistari.

Starfsmaður í liðveislu

Súðavíkurhreppur óskar eftir starfsmanni í liðveislu. Um er að ræða 9 klst. á viku og annan hvern laugardag, 6 klst. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Markmið liðveislunnar er að efla félagsleg tengsl, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar- og félagslífs.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Inga Vala á skrifstofu Súðavíkurhrepps eða í síma 456 4912. Umsóknum skal skila á skrifstofu Súðavíkurhrepps fyrir 5. desember nk.

Súðavíkurhreppur.



ÍSAFJARÐARBÆR

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þar sem nú er unnið að nýrri þjóðskrá m.v. 1. desember 2005 er íbúum sveitarfélagsins bent á að tilkynna um breytt lögheimili sem allra fyrst.

Eigendum íbúða er skylt að fylgjast með búsetuskráningu leigjenda sinna. **Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana** eru hvattir til að minna nýtt starfsfólk á að flytja lögheimili sitt sé þess þörf. Skrifstofan á Ísafirði er opin frá kl. 10:00-15:00 virka daga. Einnig er skrifstofan á Þingeyri opin og tekur á móti tilkynningum.

Hægt er að ná sambandi við manntalsfulltrúa í síma 450 8000 sé frekari upplýsinga þörf.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ.

Essó á Flateyri opnar að nýju

Essósjoppa á Flateyri var opnuð að nýju í síðustu viku, en fyrrverandi rekstraraðili lokaði henni fyrir í mánuðinum. Það eru Flateyringarnir Gróa Haraldsdóttir og Kristín Ágústsdóttir sem hafa tekið að sér reksturinn og segir Gróa að vel hafi tekist til fyrsta daginn. „Það var fullt af viðskiptum, þó við næðum ekki að opna fyrir en kl. hálfífm“, segir Gróa.

„Við opnuðum dálítið seint því við þurfum að bíða þar til öll tilskylin leyfi voru komin í hús. Við höfðum opið til átta og það kom fullt af fólki sem hreifst mikið af veitingunum og sagðist hafa gaman af að sjá okkur bak við búðarborðið.



Það eru Flateyringarnir Gróa Haraldsdóttir og Kristín Ágústsdóttir sem reka sjoppuna.

Svo þurfum við að stússa lítilla inni á Ísafirði og opnuðum því ekki fyrir en klukkan tvö.

En það hefur gengið mjög vel það sem af er. Núna verður svo opið hjá okkur frá ellefu á


morgnana til átta á kvöldin, alla daga vikunnar.“

Essósjoppa á Flateyri er eina verslunin í þorpinu og er þar boðið upp á ýmsar nauðsynjavörur auk skyndibita og

sælgætis. Búast má við því að einhverjar breytingar fylgi nýjum rekstraraðilum og ku ýmislegt vera í pípunum þó þær stóllur eigi enn eftir að máta sig við reksturinn.



Sunnukórinn söng nokkur lög á aðventukvöldinu.



Ólafur Skúlason biskup flutti aðventuhugvekkju.

Frábær stemmning á aðventukvöldi

Fimm hundruð mannsnutu tónlistar sem var í boði á aðventukvöldi Ísafjarðarkirkju á sunnudagskvöld þar sem mikill fjöldi tónlistarmanna kom fram. Auk kórs Ísafjarðarkirkju sungu þar Sunnukórinn, Karlakórinn Ernir og

Kammerkórinn. Einnig kom Lúðrasveitin og nemendur við Tónlistarskóla Ísafjarðar fram og sópransöngkonan Guðrún Jónsdóttir söng einsöng. Þá flutti Ólafur Skúlason biskup aðventuhugvekkju. Myndaðist mikil stemm-

ning enda hafa aðventukvöld Ísafjarðarkirkju þótt góð leið til að komast í sannkallað hátíðarskap í gegnum tíðina og var sunnudagskvöldið engin undantekning. „Frábær stemmning. Kórarnir glæsilegir, söngurinn

afbragð og biskupnum mæltist vel“, segir Skúli Ólafsson, sóknarprestur á Ísafirði um kvöldið.

– thelma@bb.is



Fjöldi tónlistarmanna kom fram á aðventukvöldinu.



Vel var mætt á Opna bók.


Opin bók í Edinborg

Hin árvissa bókmenntavaka Opín bók var haldin í Edinborgarhúsinu á laugardag. Þar mætti margmenni til að hlýða á lestur úr nokkrum bókum úr jólabókafloðinu og þiggja kaffiveitingar.

Upplesarar að þessu sinni voru þau Herdís Hübner, sem las úr þýðingu sinni á amerísku skáldsögunni Hjómið eitt, Ragnar Arnalds sem las úr nýrri bók sinni um Jörund Hundadagakonung sem nefnist Eldhuginn, Ævar Örn Jósepsson sem las úr nýjum reyfara sínum sem gerist að stórum hluta á Kárahnjúkum og heitir Blóðberg, Ísafirðingurinn Rúnar Helgi Vignisson sem las úr skáldsögu sinni Feigðarflan sem gerist að hluta á Ísafirði, og að síðustu Hermann Stefánsson sem las upp í forföllum Yrsu Sigurðardóttur, en hann las upp úr fyrstu skáldsögu sinni, Stefnuljós, sem kom út fyrir skemmstu.

Var það mál manna að ekki einungis hefði mæting verið fjarska góð heldur hefðu sjaldan selst jafn margar bækur í hléi og í ár.

– eirikur@bb.is



Ragnar Arnalds las úr bók sinni Eldhuginn, og flutti stutta tölu um sögulegar skáldsögur og Jörund Hundadagakonung.

Fataskápar á góðu verði
Opíð lau. frá 10 til 16 - Sími: 456-4566



Óskum eftir starfsmanni
til verslunar- og
útkeyrslustarfa



Meira þarf að leggja til afborgana og eignabreytinga en áætlað hafði verið

Útlit er fyrir að gjöld Ísafjarðarbæjar án reiknaðra liða verði um 100 milljónum króna meiri á yfirstandandi reikningsári en gert hafði verið ráð fyrir og tekjur bæjarins um 80 milljónum króna meiri en áætlað var. Þetta kemur fram í spá um niðurstöðu rekstrar sem lögð hefur verið fyrir þajarráð. Aukning gjalda án reiknaðra liða skýrist m.a. af hækkun launa og vaxta, en hærri tekjur koma til m.a. vegna arðgreiðslna og hærri útsvarstekna.

Reiknaðir liðir sem ekki eru teknir með eru m.a. lífeyris-skuldbindingar og afskriftir. Þá er útlit fyrir að bærinn þurfi að leggja 118 milljónum króna meira til afborgana og eignabreytinga en reiknað hafði verið með í fjárhagsáætlun. „Það skýrist fyrst og fremst af 61 milljóna króna aukningar á hlutafé í Fasteignum Ísafjarðarbæjar, 18 milljóna króna kaupum á Straumshúsi út af lögð Grunnskólans á Ísafirði og tæpum 30 milljónum sem fóru

í að setja upp mótuneyti í skól-anum“, segir Halldór Hall-dórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Þetta þrennt var ekki á fjárhagsáætlun. Endurskoðun áætlunarinnar undirstrikar þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í, en þetta hefur verið mikið framkvæmdaár. Spáin er þó kannski í svart-sýnni kantinum og það gæti verið að niðurstaðan verði ör-lítið betri en þetta“, segir Halldór. — halfdan@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Eigendur jarða í Engidal í Skutulsfirði

Segja malartöku úr Engidalsá meiri en um var rætt

Eigendur jarða í Engidal telja að mun meiri malartaka hafi átt sér stað úr Engidalsá en upphaflega var rætt um. Samkvæmt bréfi landeigenda til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hafði bæjarverkfræðingur talað um að um 2.000 rúm-metrar af mól yrðu teknir úr árfarveginum. Þá telja bréfritarar að líklega hafi margfalt meira magn verið tekið, og fara fram á bætur. Í bréfinu segir meðal annars:

„Undirritaður eigandi Efri

Engidals fékk Sigurð Jarlsson héraðsráðunaut með sér þann 25.10 til að skoða verksum-merki. Ekki var farið í nákvæmar mælingar en í fljótu bragði má sjá að mól hefur verið tekin í miklu magni á þessum stað, áin er nú um 30 metra breidd á milli á parti. Þá er að sjá að víða er dýpt á ánni um 4-5 metrar, tekið er mið af að gálgi á skóflu hverfur nánast alveg niður víða við gröft. Umrætt vinnusvæði var ekki lengdarmælt en áætlað allt að

100 metrar að lengd í það minnsta þannig að svo er að sjá að í stað þess að taka 2.000 m³ sé réttara að tala um 15-20.000 m³. Þar að auki er ljóst að freklega hefur verið farið fram yfir landamerki og gengið í það minnsta eina 15 metra inn í Engidalsland og má ætla að þar hafi verið fjarlæggt mal-arefni upp á 5-8.000 m³.“

Þá vitna bréfritarar í vatna-lög frá árinu 1923, með áorðn-um breytingum, en þar segir meðal annars. „Vötn öll skulu



renna sem að fornu hafa runnið. Óheimilt er manni, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess: A) Að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatns-magni, hvort sem það verður að fullu eða öllu eða um ákveðið inn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð. B) Að gerstifla straumvatn eða gera

mannvirki í vatni eða yfir því. C) Að veita vatni úr landi sínu í annarra land, ef tjón eða hættu er af því búin eign annars manns eða réttindum, óhæfi-legar tálmanir almennt umferð eða tjón eða hættu að nokkru ráði fyrir hagsmunum ríkis eða almennings.“

Segjast bréfritarar ekki sjá

betur en lögin hafi verið þverbrotin. Þá fara þeir fram á að reyndir mælingamenn verði fengnir til að reikna út það magn af mól sem tekið hefur verið úr Engidalsá og að bætur komi fyrir. Bæjarráð vísaði erindinu áfram til bæjartekni-fræðings.

— eirikur@bb.is

Atvinnulausum fjölgar

Atvinnulausum á Vestfjörðum hefur fjölgað um 19 frá því í byrjun mánaðar samkvæmt tölum Vinnuá-lausstofnunar. Þann 1. nóvember voru 82 á skrá yfir atvinnu-lausa á Vestfjörðum en eru nú 101. Konur eru sem fyrr í

miklum meirihluta eða 85 og hefur fjölgað um 12. Karl-mönnum á skrá yfir atvinnu-lausa hefur fjölgað um 7 og eru þeir 16 talsins í dag.

Í byrjun október voru 68 konur og 10 karlmenn án atvinnu. Á heimasíðu Svæðis-

vinnumiðlunar eru auglýst 12 laus störf. Flest störf in eru á Ísafirði og er meðal annars óskað eftir smiðum, stuðningsfulltrúa og starfs-krafti við eldamennsku. Einnig er óskað eftir fólki til vinnu á Patreksfirði.

Veiðar á þorski og rækju dragast saman

Alls var landað 18.055 tonn af þorski á Vestfjörðum frá janúar til ágúst í fyrra, en á sama tíma í ár veiddust 14.483 tonn, sem er samdráttur í veið-um um tæp 20%. Þá var verð-mæti þorskafllans á sama tíma-bili 2004 1.880 milljónir, en í ár var hann 1.501 milljón, og er samdráttur í aflaverðmæti því litlu meiri en í aflanum sjálfum, eða um 21%. Af ýsu veiddust 3.806 tonn á tímabilinu í fyrra, en í ár voru tonnin nokkuð fleiri eða 4.417 tonn, en það er aukning um 16%.

Aflaverðmætið 2004 var 238 milljónir, en 263 milljónir í ár, sem er aukning um 10,5%.

Þá jukust steinbítveiðar einn-ig nokkuð en 3.100 tonn veiddust frá janúar fram í ágúst árið 2004, en á sama tímabili í ár veiddust 3.341 tonn, sem er aukning um 7,7%. Aflaverð-mæti steinbítis árið 2004 var 185 milljónir á móti 228 millj-ónum í ár og því ljóst að verð-mætið hefur aukist töluvert meira en aflinn, en þetta er aukning upp á 23%. Rækju-veiðar hafa hrúnið, en á áður-nefndu tímabili árið 2004 veiddust 3.898 tonn af rækju, en í ár voru þau einungis 1.243. Verðmæti rækjuafllans á tíma-bilinu árið 2004 var 357 millj-ónir, en í ár er það rétt rúmlega

99 milljónir.

Efeinungis er litið til ágúst-mánaðar árin tvö, þá veiddust 2.054 tonn af þorski 2004 að verðmæti 224 milljónir, en 1.320 árið 2005 að verðmæti 145 milljónir. Af ýsu veiddust 767 tonn árið 2004 að verð-mæti 57 milljónir, en 405 tonn árið 2005 að verðmæti 23 milljónir. 95 tonn af steinbíti veiddust í ágúst árið 2004 að verðmæti 6 milljónir, en 127 tonn árið 2005 að verðmæti 16 milljónir. Af rækju veiddust 422 tonn árið 2004 að verð-mæti 39 milljónir, en 163 tonn í ár að verðmæti 15 milljónir.

— eirikur@bb.is



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON MDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlis- og raðhús:
Hjallavegur 21: 303 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bilbyggingu. Verð 23 m.kr.

Strandgata 3 Hnífsdal: 130 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Verð 5,1 m.kr.

Bakkavegur 4b Hnífsdal: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppgert ásamt nýrri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Urðarvegur 45 : 133 m² fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíþýli með bílskúr. Verð 10,5 m.kr.

Hafnarstræti 14 – 2.hæð: 97m² nýleg íbúð í þrjúherbergja íbúð með 11 m² geymslu, íbúðin er í miðbæ Ísafjarðar. Verð 9,5 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2 – íbúð 210: Ein af stóru íbúðunum á Hlíf 2, samtals 72 m² með geymslu í sameign. Verð 8,9 m.kr.

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Stórholt 11: 70 m² íbúð á 2.hæð fyrir miðju ásamt geymslu í sameign í fjölbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.

Túngata 21: 94 m² þriggja herbergja íbúð með 40 m² bilgeymslu í þrjúherbergja íbúð. Verð 6,9 m.kr.

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrjúherbergja íbúð. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2 – íbúð 403: 50 m² íbúð á 4.hæð, geymsla er á sömu hæð, íbúðin snýr að Seljalands-vegi. Verð 6,5 m.kr.

Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með séringangi á jarðhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

Fjarðarstræti 2: 84 m² íbúð á 3.hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í sameign. Verð 5,5 m.kr.

Bolungarvík:
Hafnargata 14: er nánar tiltekið 231,9 m² atvinnuhúsnæði á einni hæð, byggt úr stálgrind og kletti að utan með stálklæðningu. Verð 5,5 m.kr.

Hafnargata 117-123: Fjögur 123 m² nýleg einbýlishús með 31 m² bílskúr. Ath. húsin eru laus til afhendingar við kaup-samning. Verð 12,9 m.kr. stk.

Höfðastigur 7: Tvær 58 m² tveggja herbergja íbúðir í samþýli. Verð 3,7 m.kr.

Vítastigur 25: 101 m² fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíþýli. Verð 4,7 m.kr.

Heiðarbrún 7: 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum tvöföldum bílskúr. Verð 10,0 ATH ca. 9,2 m.kr. áhvílandi, litill útborgun.

Vítastigur 1: Fullbúinn 243 m² veitingastaður á neðri hæð og 291 m² gistiheimili á efri hæð. Tilboð óskast.

Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum. Verð 20 m.kr.

Suðureyri:
Eyrargata 7: 213 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð 6,0 m.kr.

Sætun 1: 190 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru óbæns sýnishora af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Fyrstu sporin í tónlistinni stiggin á Ísafirði

Systkinin Sólveig og Samúel Jón Samúelsbörn hafa alla tíð verið mjög tónelsk en þau höfu glæstan tónlistarferil sinn við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fyrsta sólóplata Sólveigar, Melodia, er nýkomin út en hún er samstarfsverkefni systkinanna og er þetta í fyrsta sinn sem þau vinna saman að tónlist. Sólveig eða Solla eins og hún er kölluð syngur öll löggin en Samúel eða Sammi stjórnadði upptökum og annaðist útsetningar á plötunni ásamt því að semja þrjú af tólf lögum plötunnar. Faðir þeirra er Samúel Jón Samúelsson, en hann er fæddur og uppalinn á Ísafirði og starfaði um árabil sem læknir á Fjórðungssjúkrahúsinu.

Solla hóf píanónám tíu ára gömul hjá Sigríði Ragnarsdóttur við TÍ og söngjafnframt með kór skólans. Hún var 16 ára gömul er hún flutti frá Ísa-

firði til Reykjavíkur og hélt þá áfram píanónámi en tók sér síðan stutt hlé frá tónlistinni og lærði tannsmíðar. Þá hellti hún sér út í söngnám, fyrst við Söngskólann í Reykjavík en síðan við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands þaðan sem hún útskrifaðist í vor. Solla var annar tveggja sigurvegara í sólóistakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands vorið 2004 og kom í framhaldi af því fram sem ein-söngvari með hljómsveitinni í janúar sl.

Sammi er söngvari og básúnuleikari hljómsveitarinnar Jagúar og einn helsti lagasmíður sveitarinnar auk þess sem hann er afkastamikill útsetjari í margvíslegri tónlist. Hann lauk kennaraprófi 1999 og burtfararprófi í básúnuleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Hann hefur starfað með fjölmörgum hljómsveitum, en

með Jagúar hefur hann gefið út þrjár hljómplötur og hefur hljómsveitin leikið víða erlendis við góðan orðstír, svo sem í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Sviss og víðar. Sammi hefur leikið á básúnu með fjölda listamanna og má þar nefna sem dæmi Tómas R. Einarsson, Stórsveit Reykjavíkur, Sigur Rós og Sálina Hans Jóns Míns.

BB ræddi við systkinin í tilefni af útkomu nýju hljómplötunnar.

– Var platan lengi í bígerð?

Solla: „Hugmyndin vaknaði fyrir löngu síðan en við byrjuðum ekki að huga alvarlega að henni fyrr en snemma á þessu ári“, segir Solla. „Við tókum okkur dágóðan tíma í að velja lög á plötuna. Svo fór allt á fullt í haust. Löggin eru flest úr kvikmyndum frá árunum 1965-75 eftir fræg tónskáld.“

– Sammi, þú ert þaulvanur útsetningum, en var þetta í fyrsta sinn sem þú stjórnadði upptökum á hljómplötu?

„Þetta var í fyrsta sinn sem ég er einn titlaður upptökstjóri og útsetjari en ég hef áður unnið að slíkum verkefnum með þeim sem ég hef verið í hljómsveitum með. Þetta er fyrsta sólóupptökuverkefnið mitt. Það var mjög gaman að vinna að þessu og því að við systkinin gætum gert eitthvað saman“, segir Sammi.

Básúnan passaði betur við varirnar

Solla: „Við höfum bæði tónlistarnám okkar við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Pabbi er náttúrulega Ísfirðingur og við bjuggum þar á meðan hann starfaði sem læknir á gömlu heimaslóðunum. Ég var allan tímann að læra á píanó hjá Sigríði Ragnarsdóttur en einnig var Ragnar H. Ragnar að kenna mér í stuttan tíma. Annars held ég að flestir í þeirri fjölskyldu hafi komið á einhvern hátt að tónlistarnámi mínu. Gaman er að segja frá því að ég útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands í vor þar sem rektorinn er Hjálmar H. Ragnarsson, bróðir hennar Siggu. Það má því segja að ég hafi farið heilan hring. Ég er þó ekki alveg búin að slíta mig lausa úr tónlistarnámi því ég fór í kennaranám í tónlist við skólann, einn vetur til viðbótar.“

– Er þá stefnan að starfa sem kennari í framtíðinni?

„Planið er að starfa við tón-



Systkinin Samúel Jón og Sólveig Samúelsbörn. Ljós: Golli.

list á einhvern hátt. Ég hef reynt aðrar starfsgreinar og þetta er það sem hentar mér“, svarar Solla.

Sammi: „Ég hóf tónlistarnám mitt hjá Ragnari H. Ég byrjaði að læra á píanó en leiddist það fljótlega. Stuttu seinna kom Englendingur í bæinn sem fór að kenna á blásturshljóðfæri. Ég byrjaði að læra á trompet en hálfu ári seinna var foreldrum mínum sagt að það myndi henta mér betur að spila á básúnu þar sem það passaði betur við varirnar á mér. Það var samþykkt og ég hóf básúnunám. Nokkrum árum seinna komst ég síðan að því að það vantaði einfallega bara básúnuleikara í lúðrasveitina“, segir Sammi og hlær. „Þannig að ég var plataður til að spila á básúnu. Þessi ákvörðun hefur náttúrulega mótad allt mitt líf. Hver veit hvar ég væri í dag ef ég hefði haldið áfram á trompet?“

Þá hefði ég kannski orðið bakari?

– Og nú ert þú einn fremsti básúnuleikari á landinu er það ekki rétt?

„Ja, ætli ég verði ekki að segja einn mest áberandi. Það er gaman að segja frá því að það eru nokkrir yngri básúnuleikarar að koma fram sem eru mjög efnilegir þannig að framtíðin þarf ekki að örva.“ segir Sammi.

– Þú hefur einnig verið mikill við lagasmíðar ekki satt?

Sammi: „Það hefur verið að aukast með tímanum, ég var mjög feiminn við þetta lengi framan af. Um þessar mundir er ég að semja tónlist fyrir Stórsveit Reykjavíkur fyrir tónleika sem verða haldnir í febrúar.“

Söngpúkin bankar upp á

– Hvað bjugguð þið lengi á

Ísafirði

Solla: „Við bjuggum þar einn vetur, mig minnst að það hafi verið 1977, þegar pabbi var enn í námi. En svo komum við aftur og vorum í 6 ár frá 1982-88. Öll þau ár stundaði ég píanónám við TÍ.“

Sammi: „Ég á mjög góðar æskuminningar frá Ísafirði. Það má með sanni segja að við höfum byrjað á því sem við erum að gera í dag í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Ég byrjaði að læra á básúnu og Solla að syngja í kór.“

– Þú ert líka söngvari, byrjadir þú ekki að syngja á Ísafirði?

Sammi: „Nei, það kom seinna. Söngpúkin hefur verið af og til að banka upp á og beðið um að láta hleypa sér út. Ég hef reyndar alla tíð sungið þegar ég er einn með góðum félagsskap en byrjaði ekki að gera það á opinberum vettvangi fyrir en fyrir nokkrum



Tilboð fram að jólum

1 nótt með morgunmat frá kr. 2.900,- pr. mann
2 nætur með morgunmat frá kr. 5.000,- pr. mann

Metropolitan Hotel
Ránargötu 4a | 101 Reykjavík | ☎ 511-1155

árum.“
– Nú eruð þið bæði mjög músikólsk. Eru fleiri í fjölskyldunni með þessa náðargáfu?

Solla: „Tónlistin blundar í flestum meðlimum fjölskyldunnar. Þó kannski sérstaklega í föðurættinni að vestan, en nokkrir meðlimir hennar hafa lífíbrauð sitt af tónlist að öllu eða einhverju leyti. Til dæmis er Kolbeinn Ketilsson, frændi okkar óperusöngvari og svo eigum við annan frænda, Kolbein Einarsson, sem er tónskáld svo við erum ekkert einsdæmi. Mikið af listafólki yfir höfuð er í föðurættinni. Ball-ettandansari, leirkerasmiður og myndlistarmenn. Það virðist eitthvert listagen koma að vestan“, segir Solla. „Svo er eldri bróðir okkar ljósmyndari, yngri bróðir okkar í hljóðupptökunámi og yngsta systir í myndlist, sem sagt nóg af listamönnum.“

Sammi: „Pabbi og mamma hafa alltaf haft mjög gaman af músík þó þau séu ekki tónlistarmenn. Þau voru bæði í tónlistarnámi sem börn og pabbi hefur verið í kórum. Hann var man ég í Sunnukórnum fyrir vestan. Ég held að ástæðan fyrir því að ég fór í tónlistarnám hafi nú verið smá þrýstingur frá foreldrum mínum. Allavega var ég bara rétt 9 ára þegar ég byrjaði að læra á píanó og 10-11 á blásturshljóðfæri. Þetta var nú stundum barningur og oft erfitt að fá sig til að æfa heima. Stundum var leiðinlegt og stundum skemmtilegt en svo fór það að verða sífellt skemmtilegra. Sérstaklega þegar maður fór að finna sinn eigin farveg og skapa sína tónlist.“

Eitt það besta sem ég bý að í dag er aginn sem var á öllu í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Það var sko séð til þess að krakkar lærðu að haga sér rétt t.d. á meðan á tónleikum stóð o.s.frv. Það fer oft í taugarnar á mér í dag þegar fólk kann ekki að haga sér í rétt. Ég á því margt að þakka skólanum og skora á foreldra að hvetja börnin sín að fara þangað í nám, ja eða bara senda þau þangað“, segir Sammi og hlær.

Solla: „Ég tek undir þetta með agann, hann er bara af hinu góða. Við fengum líka mjög góða æfingu þarna í að koma fram, bæði á samæfingum og á tónleikum. Annars þurfti alls ekki að pína mig í tónlistarnám, man ekki betur en að hafa suðað lengi í foreldrunum um að fá að læra á píanó, sem varð til þess að hljóðfæri var keypt á heimilið. Ég þurfti að fara fyrsta hálfu árið að æfa mig í gamla Hús-mæðraskólanum, sem nú hýsir Tónlistarskólann, en bróðir hans þakka þjó þar.“

vestur í desember og halda tónleika. Enn er ekki búið að fastnegla neitt en sú hugmynd kom upp. Það væri rosalega gaman að geta gert það og kynnt hljómplötuna og jafnvel sungið nokkur jólalög.“

Sammi: „Solla ætlar að reyna að fara vestur í desember en ég efast um að ég komist þar sem svo mikið annríki er hjá mér núna“, segir Sammi.

– Hafið þið komið fram áður á Ísafirði?

Solla: „Ég söng þarna á aðventukvöldi fyrir tveimur árum. Þá hafði ég ekki komið vestur síðan árið eftir að ég flutti þaðan. Það var rosa gaman að koma þó það hefði ekki verið í nema rétt rúman sólarhring. Svo það er alveg kominn tími á að kíkja aftur til Ísafjarðar.“

Sammi: „Ég hef komið nokkrum sinnum fram með Jagúar á Ísafirði. Það hefur alltaf verið mjög gaman og við höfum alltaf fengið mjög góðar viðtökur á Ísafirði. Ísafjörður er náttúrulega eina bæjarfélagi sem ég veit til að hafi kosið sér tvo bæjarfullrúa úr lista sem kennir sig við fönktónlist. Við hlökkum til að koma aftur sem fyrst og spila.“

– Að lokum getið þið sagt mér eitthvað um Melodiu, nýju hljómplötuna?

Solla: „Þetta er í fyrsta skipti sem við vinnum saman að tónlist þótt við höfum verið að syngja saman frá því að við vorum lítil. Reyndar spilaði ég oft undir hjá Samma á tónleikum í Tónlistarskólanum fyrir vestan en við höfum aldrei unnið að svona verkefni fyrir en nú. Það er mjög skemmtilegt þar sem við komum úr sitt hvorri áttinni í tónlistinni. Ég hef lagt stund á klassískan söng og hann búinn að vera á kafi í jazzi og fönki. Hljómplatan inniheldur ekkert af þessu heldur er þar að finna dægurlög í rólegri kantínu. Melodia er að ég held mjög þægileg plata.“

Sammi: „Já, þarna varð mjög skemmtilegur árekstur hjá okkur. Ég er mjög stoltur af plötunni og finnst þetta hafa komið mjög skemmtilega út. Fyrir brottflutta Ísfirðinga eða þá sem eiga leið suður fyrir jól vil ég benda á útgáfutónleika Solla í Iðnó þann 13. desember. Einnig vil ég benda fólki á heimasíðuna hennar Solla en það er einmitt litli bróðir okkar hann Gossi sem smíðaði hana. Slóðin er www.solla.is og þar getur fólk kynnt Solla betur og hlustað á tónleiki af plötunni.“

Óhætt er að telja að margir Ísfirðingar og nærsveitarmenn muni hafa áhuga á að hlýða á afrakstur tónelsku systkinanna hvort sem það er á tónleikum í höfuðborginni, hér vestra eða á hljómplötunni Melodiu.
– thelma@bb.is



Söngtríó Margrétar sem þær Margrét Geirsdóttir, Birna Lárusdóttir og Ingunn Sturludóttir skipa, Samúel Einarsson og Hólmgeir Baldursson og Baldur Geirmundsson tilbúin í slaginn. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.

Söngskemmtun í boði á jólahlaðborðum Krúsarinnar

Uppselt var á jólahlaðborð Krúsarinnar á Ísafirði á laugardag. Á meðan gestir nutu kræsinga voru frumflutt tónlistaratriði þeim til skemmtunar. Söngtríó Margrétar sem þær Margrét Geirsdóttir, Birna Lárusdóttir og Ingunn Sturludóttir skipa fluttu 16 lög í útsetningu hins margrómaða Baldurs Geirmundssonar. Undir lék Baldur sjálfur, Samúel Einarsson og Hólmgeir Baldursson. Tónlistarskemmtunin verður í boði á jólahlaðborðum út aðventuna en aðstandendur Krúsarinnar hafa boðið upp á hlaðborð sem þessi í fjölda ára. – thelma@bb.is



Margmenni var á Hótel Ísafirði á föstudag.

Þakka fyrir viðskiptin

Flugfélag Íslands, bílaleigan Hertz og Icelandair Hotel, sem rekur meðal annars Hótel Loftleiðir og Nordica Hotel, auk nokkurra hótela á landsbyggðinni, héldu boð fyrir sína dyggustu viðskiptavini á Hótel Ísafirði nú á föstudag. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, umdæmisstjóra Flugfélags Íslands á Ísafirði, var boðið fyrst og síðast haldið til að þakka kúnnunum fyrir viðskiptin.

Auk veitinga var boðið upp á upplestur frá Gísla Hjartarsyni, sem las upp úr nýútkominni bók sinni, 101 Vestfirsk þjóðsaga - 8. bindi, og tónlist frá Helga Björnssyni sem söng fáein lög af nýrri sólóplötu sinni Yfir Esjuna, sem inniheldur lög eftir Magnús Eiríksson, en sonur Magnúsar, Stefán Már, lék einmitt undir á gítar.

Þá lágu frammi möppur með kynningarefni frá fyrirtækjunum þremur þar sem þjónusta þeirra var kynnt í þáula. Í fjórnum möppum leyndist svo óvæntur glaðningur, gjafabréf upp á flug til Reykjavíkur fram og til baka, bílaleigubíll og gistingu í tvær nætur.
– eirikur@bb.is



Helgi Björnsson og Stefán Már Magnússon léku á alls oddi.

Skemmtilegur árekstur ólíkra tónlistarstefna

– Er á dagskránni að koma eitthvað til Ísafjarðar í framtíðinni?

Solla: „Stefnan er að koma

Góður kostur fyrir auglýsendur!

mannlífíð

Abendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
30. nóv., 336. dagur ársins 2005


Pennan dag árið 1916 strandaði Goðafoss, annað af tveimur skipum Eimskipfélags Íslands, í hríðarveðri og náttmyrkri við Straumnes, norðan Aðalvíkur á Hornströndum. Mannbjörg varð en skipið náðist ekki aftur á flot. Goðafoss hafði komið til landsins rúmu ári áður.

Pennan dag árið 1943 var Reykjavéitan sett á stofn. Listasafn Einars Jónssonar var fyrst húsa í Reykjavík tengt hitaveitu frá Reykjum í Mosfellsveit. Árið 1930 hafði heitt vatn verið leitt úr Laugardal í Austurbæjarskólann og fleiri hús í Reykjavík.

Pennan dag árið 1965 keyptu íslenskir bankar *Skarðsbók* á uppboði í London. Þetta var eina forníslenska handritið sem var í einkaeign.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 30 árum



Loðnan veidd allt árið?

Fiskifræðingar hafa nú hugsanlega orðið þess vísari hvar loðnan heldur sig í sjónum hér við land um þetta leyti ársins. [...] Að sögn Hjálmar Vilhjálmssonar, fiskifræðings, fór hann í rannsóknaleiðangur á Árna Friðrikssyni 8. nóvember sl. og var skipið við rannsóknastörf fyrir Norðurlandi í tvær vikur. Sagði Hjálmar að byrjað hefði verið að leita við landgrunnsbrúnina úti af Vestfjörðum og hefði leiðangurinn eytt um það bil viku í að leita það svæði vandlega allt austur fyrir Melrakkaslétu án þess að finna nokkuð sem talandi er um. [...] „Allar okkar áætlanir um næstu loðnuvertíð benda til þess að þá verði ekkert minna um loðnu en undanfarin ár að vertíðinni lokinni höfum við hug á að flygjast með loðnu áfram yfir sumartímann og fram yfir næstu loðnuvertíð í byrjun árs 1977, og láta stunda loðnuveiðar jafnt yfir sumarið sem á vetrartíðinni.“

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustan 3-8 m/s og víða bjartviðri, en stöku él norðan lands og hvassara sunnanlands. Frost 0-9 stig.

Horfur á laugardag:

Norðaustan 3-8 m/s og víða bjartviðri, en stöku él norðan lands og hvassara sunnanlands. Frost 0-9 stig.

Horfur á sunnudag:

Norðaustlæg átt og éljagangur norðanlands og á Vestfjörðum. Talsvert frost, einkum inn til landsins.

Horfur á mánudag:

Lítur út fyrir háþrýsting og bjart veður um mestan hluta landsins. Dregur úr frosti vestantil.

● Spurning vikunnar

Eiga kirkjur landsins að fá leyfi til að gefa saman samkynheigð pör?

Alls svöruðu 722. – Já sögðu 432 eða 60% – Nei sögðu 227 eða 31% – Hlutlausir voru 63 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Margrét Geirsdóttir, tónlistarmaður á Ísafirði

Allt frá stríðsáraperlum til diskós

„Það er allt rosalega gott að fréttá. Við vorum í síðustu viku að taka síðustu æfingartónnina fyrir „show“ sem við verðum með á jólahlaðborðum Krúsarinnar. Programmið var flutt í fyrsta sinn á laugardag. Æfingarnar gengu ágætlega fyrir utan að fólk sem kemur að sýningunni var mikið utan Ísafjarðar og því svolítið þúsluspil að ná öllum saman. Mesta

vinnan lenti á Baldri Geirmundssyni hinum eina og sanna sem sá um útsetja bróðurpartinn af lögunum. Við biðum bara spennit að sjá hvernig þetta leggst í fólk.

Skemmtunin spannar 50-60 ár. Þarna má finna lög með The Pointer sisters, The Supremes, gömul íslensk dægurlög og þýsk lög. Allt frá stríðsáraperlum til diskós. Hólmgeir

Baldursson er tæknistjóri og Baldur tónlistarstjóri. Einnig koma að sýningunni auk mín Samúel Einarsson, Birna Lárusdóttir og Ingunn Sturludóttir. Þetta er búið að vera hörkuvinna og við verðum að syngja hverja einustu helgi og stundum báða dagana. Við Baldur höfðum verið að gæla við svona skemmtun í langan tíma og skelltum okkur loks á það.“



Stefna á breskan markað eftir áramótin



Egill Örn Rafnsson.

Ísfirsku bræðurnir Egill Örn og Ragnar Sólberg (sem gengur undir listamannsnafninu Zolberg) hafa verið að gera það gott í tónlistarbransanum með rokkhljómsveitinni Sign að undanförmu. Þeir eru eins og kunnugt er, synir Rafns heitins Jónssonar og eiga því ekki langt að sækja tónlistarhæfileika sína. Hljómsveitin gaf út sína þriðju breiðskífu í október og ber hún nafnið Thank God for Silence. Fyrir rúmri viku kom út nýstárleg smáskífa hljómsveitarinnar með laginu A Little Bit sem notið hefur vinsælda á spilunarlistum útvarpsstöðva landsins. Lagið er nú fánlegt á vefnum visir.is þar sem hægt er að niðurhalna því endursvokallaðri U-Myx sem gerir fólk kleift blöndun af laginu. sem gerir notandanlækka eða taka rásir Sign er fyrsthljóm-

ef undan er skilin ein tilraunaútgáfa í Japan. Í kjölfar útgáfunnar hér á landi verður U-Myx smáskífan af A Little Bit gefin út í Bretlandi í febrúar á næsta ári. BB ræddi við Egil Rafnsson trommuleikara hljómsveitarinnar um nýju breiðskífuna, smáskífuna og velgengnina.

– Hver er ástæðan fyrir því að þið ákváðuð að gefa út smáskífu á þessu óvenjulega formi sem allir geta nálgast frítt?

„Okkur fannst það bara mjög sniðugt. Við viljum gera addendum okkar gott með þessu og þetta er í anda gullnu reglunnar að koma fram við náungann eins og maður vill að komið sé fram við sig. Ég vildi óska þess að mínar upphaldshljómsveitir hefðu gert þetta.“

Á Ísafirði í desember

Sign hóf nýlega tónleikaferð en þeir hafa verið önnur kafnir meiri part árs vegna útkomu nýju breiðskífunnar. Þeir hafa komið víða fram og er skemmt að minnast þeirra á tónleikum í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar en einnig vöktu þeir m i k l a athygli á Iceland Airwaves hátíðinni þar þeir komu fram á svokölluðu Kerrang! kvöldi og í lokapartýi hátíðarinnar í síðasta mánuði.

„Við vorum að hefja tónleikaferð til að kynna Thank God for Silence enn betur og munum í leiðinni kynna smáskífuna. Svo ætlum við að gefa hana út í Bretlandi eftir áramót.“

– Hefur það alltaf verið stefnan að koma ykkur á framfæri í Bretlandi?

„Já, það hefur verið stefnan frá upphafi. Íslenski markaðurinn er of lítill og sérstaklega fyrir rokkhljómsveit. Hingað til höfum við ekki verið að einbeita okkur að því að koma okkur á framfæri í Bretlandi en við munum fara í það af fullum krafti á nýju ári.“

Hvað er í bígerð eftir tónleikaferðina?

„Við munum bara halda áfram að undirbúa okkur fyrir að sigr heiminn“, segir Egill kíminn. „Það verður ekki mikið eftir af árinu þegar tónleikaferðinni lýkur, svo það er enn óvíst hvað við munum gera. Það er þó stefnan að koma til Ísafjarðar og halda tónleika 16. desember.“

Öruggt má telja að margir eigi eftir að fylgjast með strákunum í Sign í framtíðinni enda eiga þeir ófáa addendum hér vestra sem og á landinu öllu. Þess má geta að lagið A little bit á U-Myx smáskífu er að finna á slóðinni <http://www.visir.is/sign>.

– thelma@bb.is

Ragnar Zolberg

Sonurinn besta jólagjöfin

„Mér dettur strax í hug leikfangavörubíll sem ég fékk 6 ára. Það sem er eftirminnilegt við þennan bíl miðað við nútímann er sú staðreynd að hann var úr stáli. Sé farið í leikfangabúð í dag og leitað að vörubílum að þessari stærð er ég hræddur um að þeir

yrðu allir úr plasti. Þessi bíll var sem sagt úr sama efni og alvöru vörubíll, þ.e. úr stáli. Enda var hann glæsilegur.

En bestu jólagjöfina fékk ég sennilega rétt fyrir jólin 1995 þegar mér fæddist sonur 21. desember. Hann fæddist á styðsta

degi ársins, en við móðir hans og ég ákváðum eigi að síður að gefa honum nafnið Bjartur, enda tók daginn að lengja strax daginn eftir. Hann ber þetta nafn auðvitað mjög vel. Og þetta urðu góð jól,“ sagði Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri á Reykhólum.



Ráðherrasprengring

Þegar byrjað var að sprengrja Vestfirðagöngin undir Breiðadal- og Botnsheiðar var fyrst sprengrt með viðhöfn þar sem gangamunninn er í Tungudal. Mættu þar nokkur útvalin stórmenni, þar á meðal þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, sem átti að snúa sprenghandfanginu. Einnig voru þar menn frá Vegagerðinni, meðal annarra þeir Björn Harðarson staðarverkfæringur og Björgvin Guðjónsson jarðfræðingur.

Þeir félagar Björn og Björgvin sáu um undirbúning ráðherrasprengringarinnar og annað sem máli skiptir við slík tækifæri. Gæta þurfti alls öryggis og þar á meðal að viðstaddir fengu öryggishjálma. Þegar hjálmunum var útbýtt kom í ljós að tvo hjálma vantaði. Þá kallaði Björn Harðarson:

Sveinbjörn Veturlíðason og Guðmundur Gunnarsson þurfa ekki hjálma. Þeir eru vanir menn.

Þessir heiðursmenn voru þá starfsmenn Vegagerðarinnar á Vestfirðum og voru að sjálfsgögu við þessa merku athöfn.

Björn bætti svo við um leið og hann rétti ráðherrannum hjálma: Þeir sem hafa veikustu hausana eiga að vera með hjálma.

Mikill áhugi á ljósmyndun

Veturætur í nóvember. Listakonan Ingibjörg Magnadóttir leiðbeindi á námskeiðinu og að því loku settu þátttakendurnir upp sýningu á verkum sínum í Slunkaríki. Klúbbfélagarnir hafa ýmislegt í deiglu.

„Við höfum ekki formlega stofnað klúbbinn en höfum hist nokkrum sinnum og rætt ýmsar hugmyndir um hvernig við viljum hafa formið á honum og hvað gera skal í framhaldinu. Við höfum þó aldrei náð að mæta öll á fund síðan við vorum á námskeiðinu og ákváðum að bíða þar til værum öll saman komin með að ganga formlega frá stofnun klúbbsins“, segir Rúnar Óli Karlsson sem fenginn hefur verið til að vera formaður klúbbsins.

„Ljósmyndaklúbburinn eða –félagið verður ætlaður öllum sem hafa áhuga á ljósmyndun hvort sem hún er svarthvít,

stafræn eða hvernig sem er. Engin nauðsyn er fyrir því að vera einhver sérfræðingur og allir taka myndir á sínum forsendum. Við stefnum á að halda opinn kynningarfund þegar gengið hefur verið formlega frá stofnuninni.

Ýmis verkefni hafa verið rædd og má þar nefna að setja upp fleiri ljósmyndasýningar, bæta aðstöðuna í Gamla apóteknu t.d. gera betri myrkrakompu, félagsaðstöðu og jafnvel að koma þar upp stúdíói. Þá hafa verið uppi hugmyndir um að gefa út bók með verkum okkar fyrir næsta jólabókaflóð, það gæti orðið skemmtilegt verkefni. Nú eða þá að koma upp vef þar sem settar eru upp myndir félaga.

Vilji er fyrir því að halda fleiri námskeið. Við erum með nokkra þekktu ljósmyndara í sigtinu til að koma og



Ljósmyndaklúbbinn skipa **Katrín Árnadóttir, Edda Katrín Einarsdóttir, Sigurður Gunnar Aðalsteinsson, Rúnar Óli Karlsson, Elsa Stefánsdóttir og Hilmar Þorbjörnsson.**

halda námskeið þegar fer að vora. Það er mikill áhugi fyrir ljósmyndun í samfélaginu og myndavélar eru alls staðar. Meira að segja eru margir símar með innbyggðum myndavél-

um. Maður veit um marga sem eiga góðar myndavélar en kunna ekki nógu vel á þær og eru sífellt óánægðir með niðurstöðurnar. Þá er um að gera að skella sér á námskeið hvort

sem það er til að auka við þekkinguna eða læra á myndavél frá grunni“, segir Rúnar Óli formaður hins óstofnaða ljósmyndaklúbbs á Ísafirði.

Þögnin dýrmætasta tónsmíðin

„Ég get allavega fulltrýtt að ég er ekki alæta á tónlist og hef aldrei verið. Númer eitt, tvö og þrjú er þögn. Þögn, sem er vandfundnasta, dýrmætasta tónsmíðin. Oftast hlusta ég nokkuð nákvæmlega, sérstaklega þegar textar eru annars vegar. Væntanlega hlusta ég allt of mikið á textana og vanvirði tónlistina. Jafnvel les textabækling og finnst það þurrirandi þegar hann vantar. Ég sest oft niður og hlusta á tónlist eins og ég væri að fara í bíó eða á tónleika: Ég tek mér frá þann tíma. Á barnskuheimili mínu var bara úrtvarp og ég er enn með ofnæmi: Það er sjaldan sent út eitthvað sem hentar mér nákvæmlega á þeirri stundu. Ég dett alltaf inn í einhverja dagskrá og get sjaldan nast hlustað á hana til enda. Skyldi ég vera af stjórnsamur? Þó er ég komin á öðra stíg og hlusta á dánartilkynningar. Það kemur næst þögninni. Dánartilkynningar átt á tengja tónlist. Óskjalag ástæða frændna okkar, ... var ...“

1. Schostakowitsch frá A til Ö
Byrjar ekki tónlistarsagan með Schostakowitsch? Mér finnst hann vera algjör snillingur og ég er alæta á hann. Þarf ég að segja eitthvað

meira? Sonata for violoncello og piano D-minor, opus 40.

2. Finnur Tango
Ég á fjóra diska með samtals tæp 80 lögum og þetta gæti gengið endalaust. Þó er algjör ógjörningur að vilja gera eitthvað annað á meðan ég hlusta á löginn. Maður þarf ekki að kunna nema fáein orð til að skilja þau: suru:sorg, kaipa-us:þrá, rakkau:ást, kohtalo: örlög. Ekki beinlínis aukaatriði. Sterkastur af þessum 80 sígildum er Kotkan Ruusu, rósin frá Kotka, í túlkun Arju Saijonmaa.

3. Aulis Sallinen, f. 1935; Aspects of a Funeral March
Höldum okkur aðeins við Finna: Aulis Sallinen (sem ég annars er ekki alæta á) samdi eitt skemmtilegasta verk, sem ég þekki, ef ég á að nefna eitt einasta: String Quartet Nr. 3, tólf mínútna hrifningur undir titlinum: Aspects of a Funeral March of Hintriki Peltoniemi, verkið er frá 1969 og alls ekki barn síns tíma: fullt af rhytmus, hrifur mann með sér. Það byrjar á virðulegum gömlum grafarmars og endar í ringulreið og dauðadans.

4. En naturlig dödsbetraktelse: Samuel Columbus (texti), Gustaf Düben eldri (tónlist)

Og áfram með síðustu ferð, þó ekki í sama dúr: Samuel Columbus var svo sem fyrsti málvísindamaður í Svíþjóð 17. aldar og var þar af leiðandi einn af aðalhetjum í doktorsritgerðinni minni um vísindasögu. Þó þarf að viðurkenna að Samuel Columbus var nú ekki sá allra rökfastasti. En hann orti fallega um dauðann, klókt og trúfast og öldinni var lagð og svo dó hann 39 ára ungur. Ég tengi af símann þegar ég hlusta á Columbus ekki hægt að láta sig trufla í En naturlig dödsbetraktelse.

5. Egill Ólafsson – Blátt blátt
Er ekki til neitt skemmtilegra? Íslenskt jafnvel? Jú, jú. Egill Ólafsson er einn af uppáhaldssöngvurum mínum, hvort sem hann syngur klassísk lög eða popplög. Ötrúlegt hvað maðurinn er fjölbhæfur og góður í öllum þessum greinum.

6. John Adams – Violin Concerto (1993)
Erfitt er að taka fram einn yfir aðra af þessum sígildum nútímátónskáldum, þetta gengur í bylgjum hjá mér, en þetta er diskurinn, sem ég hef verið að hlusta nokkuð mikið á síðustu vikurnar.

7. Alba – The best of Runrig
Ég fékk diskinn fyrir tíu árum í jólagjöf og það tók mig tæpt ár

að falla fyrir honum: Þá fyrst hafði ég hlustað á hann til enda og uppgötvad númer 11, síðasta lagið, sem er hið fræga Loch Lomond. Gott til að koma sér í gott skap. Ég þarf ekki að taka símann úr sambandi, enda heyrir hvort eð er ekki í honum þegar ég hef Runrig í hámarki og heyrnartól.

8. Schubert
Schubert samdi ótal lög við ljóð eftir klassíska höfunda eins og Goethe. Hann bætti textana án þess að skyggja á þá, er það ekki mesta listin? Á þann hátt lifa ljóðin áfram. Schubert samdi líka lög við ljóð eftir Ludwig T. Kosegarten, sem er í algleymingi í dag, nema á eyjunni Rügen og í Vorpommern, en hann átti heima á Rügen. Höfundurinn er víst ekki merkilegur, en löginn vekja hjá mér minningar um Greifswaldsárin mín 1992 til 1997, Eystrasaltíð og Strelasundin blá, og því er þessi diskur mér sérlega kær.

9. Sigvaldi Kaldalóns – Þú eina hjartans yndi mitt
Síðastliðinn vetur var gefinn út diskur, tvöfaldur meira að segja, með 50 lögum eftir Sigvalda Kaldalóns, túlkun að sex framúrskarandi söngvurum. Í útgáfutónleikum í Salnum í Kópavogi var ég mest hrifinn af Betlikerl-



Peter Weiss.
ingunni sungin af Sigríði Aðalsteinsdóttur en því oftast sem ég hlustaði á diskinn, tók Þú eina hjarta yndið mitt, sungin af Snorra Wium, yfirhöndina.

10. Henryk Mikolai Górecki (f. 1933) – Szeroka woda
Mörg mögnuð kórverk eru til eftir Górecki, fallegast hefur mér þó ávallt fundið þessi látlausu verk sem byggja á pólskum þjóðlögum, eins og Szeroka Woda-safnið. Górecki fer annars sparlega með texta. Í opus 35, 1975, slær hann botninn úr tunnunni, þetta er verkið til að ljúka upptalningunni hér: Textinn er ekki nema eitt orð í heilu kórverki, Amen. Og þá þögn til að ígrunda textann.

Bíó

70 ára

Harry Potter og eldbikarinn

Allra síðustu sýningar

Hér í þessari fjórðu mynd mun hann koma í meira rann sem stu getur. Myndin er hryðubók meiri spennu g hefur en áður hefur sést í mynd um Harry Potter.

Fimmtudag kl. 8
Sunnudag kl. 4

Alls ekki missa af þessari!

THE LEGEND OF ZORRO

Godsöggin sjálf aftur. Í arvinngalegri spennu mynd

Alveg breiðir þráttir skemmtun

Ánna Bárðdal sjálf þar eru hún með Zorro. Ánna Bárðdal sjálf þar eru hún með Zorro.

Sunnudag kl. 8
Mánudag kl. 8

Kirkjustarf

Hvítasunnukirkjan Salem:
Súpa, brauð og biblíulestur á þriðjudögum kl. 19.
Barnastarf kl. 17 á föstudögum. Bænastund á sunnudag kl. 16:30. Samkoma og brauðsbrotning kl. 17 á sunnudag.

Stuttar fréttir

Síminn gefur línuskauta

Síminn hf. gaf nú nýlega Skíðafélagi Ísafirðinga um 50 pör af línuskautum, sem ætlunin er að selja til styrktar félaginu. Að sögn Víðis Ólafssonar, formanns Skíðafélagsins, er um að ræða línuskauta sem fylgdu með tilboði á farsímunum hjá Símanum nú í sumar. „Þeir eru nú bara til í fimm stærðum“, segir Víðir. „En þetta er gjafverð sem við seljum þá á, 1.500 krónur.“



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINNS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn



Úr rauðu myrkri

„Röðull rís úr rauðu myrkri“, orti skáldið Matthías Johannessen á sínum tíma, og mátti með sanni bera þau orð að veruleikanum nú á laugardag þegar Skutulsfjörður skartaði sínu fegursta, baðaður gulum og rauðum litbrigðum sólarlagsins í bland við fyrstu myrkur skammdegisins. Ljósmyndari Bæjarins besta sá sér leik á borði að festa snjólétta vetrarstilluna á filmu enda ekki oft sem fegurð fjarðarins nær slíkum hæðum, þó auðvitað sé hann tilkomumikill við allar mögulegar aðstæður.

– eirikur@bb.is



Met sett í Víkinni

Á fimmtudagskvöld í síðustu viku mældist loftþrýstingur 1048 hektópasköl í Bolungarvík. Þetta er hæsta staða loftvogar hér á landi frá því í apríl 1991 en þá mældust 1050 hektópasköl.

Stundaðar hafa verið daglegar mælingar á loftþrýstingi hér á landi frá árinu 1820, og hefur þrýstingur að sögn mjög sjaldan farið yfir 1050 hektópasköl, og hefur það einungis einu sinni gerst frá árinu 1917. Viðáttumikið háþrýstisvæði var suðvestur og vestur af landinu dagana á undan.

Kambur tekur í notkun snyrtilínu

Fiskvinnslan Kambur á Flateyri hefur tekið í notkun nýja snyrtilínu frá 3X-Stáli á Ísafirði. „Þetta er lína sem þeir hafa verið að þróa með okkur. Hún er ætluð fyrir stærri flök, en það er engu að síður líka hægt að taka minni flök á hana“, segir Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Kambur.

„Þeir settu þetta upp um helgina og við verðum eitthvað áfram að keyra prufur og slípa þetta til, en línan lofar mjög góðu. Markmiðin eru að fara betur með hráefnið, auka af-

köstin og bæta vinnuástandi starfsfólksins. Þetta virkar mjög spennandi. Við tókum aðra línu frá 3X-Stáli í notkun fyrir tæpum þremur árum. Sú lína er ætluð fyrir vinnslu á smáfiski, en þessi er meira fyrir stærri flök.“

Kambur hefur lagt áherslu á að bæta tækjast fiskvinnslunnar upp á síðkastið og hefur samstarf þeirra við 3X-Stál verið stór þáttur í þeirri tæknivæðingu. „Þá hefur verið mjög gott fiskerí upp á síðkastið“, segir Hinrik. – halfdan@bb.is



Línan var sett upp um helgina. Mynd: Páll Öundurson.

Jeppi og fólksbíll í árekstri

Jeppi og fólksbíll lentu saman á gatnamótum Brunngötu og Silfurgötu á Ísafirði um kl. 15 á laugardag. Ökumaður og farþegi fólksbílsins kenndu til eymsla og var fólkíð til skoðunar á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Ísafirði.

Meiðsli fólksins reyndust minniháttar en bílarnir skemmdust nokkuð. Að sögn lögreglunnar er talið að hálfu sé um að kenna.

Disarlandsmálið: Bæjarstjórn Bolungarvíkur áfrýjar ekki dómi Héraðsdóms Vestfjarða

Feginn því að málinu skuli vera lokið

Bæjarstjórn Bolungarvíkur ákvað á fundi á fimmtudag að áfrýja ekki dómi Héraðsdóms Vestfjarða í Disarlandsmálinu. „Bolungarvíkurkaupsstaður stóð frammi fyrir því að þurfa að fjármagna mismun sem var á staðgreiðslumarkaðsverði eins og það var metið 2001 og bótum sem ákvarðaðar voru af matsnefnd eignarnámsbóta. Ofanflóðasjóður hefur fallist á að það staðgreiðslumarkaðsverð metið var þann 30. mars 2001

gefi ekki rétta mynd af virði eignanna í dag. Því hefur virði eignanna verið endurmetið af sömu aðilum og er það mat mun nær afskrifuðu endurstofnverði en hið fyrra staðgreiðslumarkaðsverð. Ekki er meiri munur á nýju staðgreiðslumarkaðsverði og afskrifuðu endurstofnverði en svo, að bæjarstjórn telur það ekki þjóna hagsmunum bæjarsjóðs að sækja málið frekar með áfrýjun þess“, segir í bókun bæjarstjórnar.

Eins og sagt hefur verið frá var deilt um það hvort greiða skyldi fyrir sex hús á snjóflóðahættusvæði eftir staðgreiðslumarkaðsverði, sem Ofanflóðasjóður var tilbúinn að fjármagna að 90 prósentum, eða matsverði sem bærinn var dæmdur til að greiða húseigendum. Munurinn var mikill og stefndi í það að kostnaður bæjarins myndi aukast úr um 8 milljónum í tæplega 60. Staðgreiðslumarkaðsverð er nú viðurkennt mun hærra en

árið 2001 og verður auka-kostnaður bæjarins ekki það mikill að það sé talið þess virði að skjóta málinu til Hæsta-réttar.

Elías Jónatansson forseti bæjarstjórnar segir mikla ánægju ríkja með þessi mála-lök. „Við erum gríðarlega ánægð með að geta lokið þessu máli. Tilgangurinn með mála-ferlunum var alltaf að auka þátttöku Ofanflóðasjóðs í kaupnum, ekki að lækka fasteignaverð í Bolungarvík. Þetta

hefur tekið mikið lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi en ég held að allir hlutaðeigandi séu afskaplega feginn því að málinu sé lokið, og í þetta góðri sátt“, segir Elías.

Olgeir Hávarðarson, einn húseigenda við Disarland í Bolungarvík, er feginn því að nú hylli undir að lyktir mála húseiganda í götunni. „Það er kominn endir á þetta mál og ég er feginn því. Þetta er náttúrulega það sem þeir eru dæmdir til að greiða þar sem um

eignarnám er að ræða. Þetta hefur verið frekar löng saga. Matsnefnd eignarnámsbóta mat húsinn í júní 2002, en ferlið er í raun mikið lengra og nær aftur til ársins 1997“, segir Olgeir.

Á næstu dögum eða vikum verður gengið í uppkauð húsanna og segir Elías að nú eigi ekkert að teffa málið. „Við hljótum þó að fá einhvern tíma til að flytja út“, sagði Olgeir Hávarðarson.

– halfdan@bb.is